



FRÉTTABLAÐIÐ



Færðin í Reykjavík undanfarna daga hefur gert borgarbúum kleift að æfa sig í hefðbundnum vetrarakstri með nægum snjó fyrir alla og gott betur eins og í götunni Miðhúsum í Grafarvogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðabókanir að utan hafa rokið upp

Útlit er fyrir að fjöldi erlendra ferðalanga hér á landi í ár nái um sjötíu prósentum af því sem hann var 2019, en þegar ber á miklu meiri önnum á hótélum en áætlanir gerðu ráð fyrir.

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Nýting á hótélherbergjum á fyrstu mánuðum ársins hér á landi er mun meiri en útlit var fyrir undir lok síðasta árs. Áætlað var að hún yrði undir 50 prósentum nú í febrúar, en reyndin er allt önnur og betri, upp undir 70 prósent.

„Það hefur orðið ótrúlega skörp aukning á skammtímabókunum,“ segir Jóhannes Þór Skúlason,

framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, og metur það svo að yfirstandandi mánuður verði „stórgóður miðað við aðstæður“.

Undir það tekur Kristófer Oliverson, formaður FHG, félags fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu, en ekki sé saman að jafna frá febrúar á síðasta ári „þegar nýtingin mældist varla“.

Jóhannes segir að nýjustu afléttingar á ferðatakörkunum skipti sköpum fyrir fjörkipp í ferðaþjónustunni, uppsöfnuð ferðaþörf fólks sem ætlaði sér hingað til lands í desember, en varð frá að hverfa vegna aðstæðna, sé nú að skila sér til landsins.

Bókunarstaða hótélanna fyrir sumarmánuði er einnig að batna,



Útlit er fyrir að nýting á hótélherbergjum í febrúar verði 70 prósent en ekki undir 50 prósentum eins og áætlað var.

sérstaklega seinni hluta sumars og fram á haust. Bæði Jóhannes og Kristófer vonast til að annasömstu mánuðirnir dragi til sín um 70 prósent af ferðamannafjöldanum 2019 – og hingað komi upp undir 600 þúsund manns frá júlí og fram í september, sem er á pari við allt árið í fyrra.

Þeir itreka báðir að áskoranir greinarinnar séu miklar og felist í manneklu, húsnæðisskortri og fyrirsjáanlegur sé líka hörgull hjá bíla-leigum. „Menn eru ekki búnir að jafna sig eftir tveggja ára tekjufall,“ bendir Kristófer á.

„Fjárhagsgreining Ferðamálastofu sýnir,“ segir Jóhannes, „að eiginfjárstaðan getur hæglega þurrkast upp á næstu tveimur árum þegar allur kostnaður fer aftur af stað.“

Trans fólk bíður í heilbrigðiskerfinu

HEILBRIGÐISMÁL „Mér finnst að trans fólk almennt hafi alltaf verið svolítið vanræktur hópur í heilbrigðiskerfinu,“ segir Ugly Stefania Kristjónsdóttir Jónsdóttir, formaður Trans Íslands.

Langur biðtími eftir kynleiðréttingaraðgerð getur reynst hættulegur þeim sem bíða slíkrar aðgerðar. Heilbrigðisráðherra segir unnið að því að stytta biðtímann. **SJÁ SIÐU 8**



Ugly Stefania Kristjónsdóttir Jónsdóttir, formaður Trans Íslands

Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · mitsubishi.is/eclipse

*Að sjálfsgöðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



Drive your Ambition

Skatturinn skoðar mál áhrifavalda

mhj@frettabladid.is

SKATTAMÁL Embætti ríkisskattstjóra skoðar nú mál tengd áhrifavöldum en ekki hefur komið til sektarákvarðana í kjölfar skatteftirlits vegna áhrifavalda. Þetta kemur fram í svörum frá embættinu.

„Á undanförunum mánuðum hefur eftirliti og upplýsingagjöf verið beint sérstaklega að þeim aðilum sem koma við sögu svokallaðra áhrifavalda,“ segir í svörum ríkisskattstjóra. „Tilfni þessa er mjög aukin notkun samfélagsmiðla til stafrænnar markaðssetningar þar sem fyrirtæki eiga í samstarfi við einstaklinga, svokallaða áhrifavalda, um að koma vöru eða þjónustu á framfæri.“



Snorri Olsen
ríkisskattstjóri.
MYND/STJÓRNARRÁÐIÐ

Þá bendir embættið á að eitthvað sé um að almenningur sendi ríkisskattstjóra ábendingar varðandi áhrifavalda og markaðssetningu á samfélagsmiðlum áður en embættið staðfestir að mál tengd þeim séu til skoðunar hjá embættinu. „Mál þessu tengd eru í vinnslu hjá embættinu en ekki hefur komið til sektarákvarðana í kjölfar skatteftirlits vegna svokallaðra áhrifavalda.“ ■

Í garðinum



Mjöllin breiðir sig nú yfir leiðin í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík og setur hátíðlegan og ævintýrlegan blæ á hið vinsæla athvarf borgarbúa frá amstri dagsins. Þótt ekki sé búist við ofankomu í höfuðborginni um helgina er lítið fararsnið á snjónum því spáð er áframhaldandi frosti næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segir frá nauðgun fyrir fimmtán árum

bjork@frettabladid.is

FÓLK Diljá Ámundadóttir, varaborgarfulltrúi Viðreisnar, segir nú í fyrsta sinn frá nauðgun sem hún varð fyrir tvítug, í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins á morgun.

Fimmtán árum síðar tók nauðgarinn ábyrgð á verknaðinum og segist Diljá hafa fundið innri frið með þeirri staðfestingu. Hún segist nú vilja segja sögu sína, ekki til að skila skömminni, það hafi hún nú þegar gert, heldur sem fordæmi fyrir aðra gerendur.

„Þöggunin er ekkert alltaf besti vinur gerandans. Gerandinn minn á í dag konu og barn og það að hann hafi stigið þetta skref hlýtur að vera heilandi fyrir fólkið í kringum hann,“ segir Diljá. Hún vill fleiri úrræði fyrir gerendur til að taka ábyrgð. „Þannig held ég að ofbeldismenning eigi eftir að dvína.“ ■



Diljá er í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ráðleggur sölu á kirkjum vegna fækkunar í sóknum

Sala kirkna er leið þjóðkirkjunnar til að laga reksturinn að mati formanns Siðmenntar. Kirkjur geti til dæmis orðið gistiheimili, veitingastaðir eða einkaheimili. Afhelgun er ekki viðkvæmt mál, samkvæmt Biskupsstofu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

TRÚMÁL Inga Auðbjörg Straumland, formaður Siðmenntar, telur kirkjur þjóðkirkjunnar of margar og að tími sé kominn til að selja hluta þeirra. Hægt sé að endurnýta kirkjur sem samkomuhús, gistiheimili, veitingastaði eða jafnvel heimili einstaklinga.

„Það liggur í augum uppi að ef þjóðkirkjan getur ekki haldið við öllu sínu húsnæði fyrir þær gífurlegu upphæðir sem hún fær þá verður hún að taka til í rekstrinum,“ segir Inga. Sala kirkna sé ein leið til þess.

Inga segir margar kirkjur gömul og falleg hús sem eigi það skilið að vera viðhaldið og vitaskuld séu margar kirkjur í mikilli notkun. Hins vegar sé sífelldur þrýstingur frá þjóðkirkjunni á að fá peninga til að viðhalda kirkjum og kvartað undan viðhaldskostnaði í umsögnum.

Aðspurð um tilfinningar fólks til kirkna segir Inga skiljanlegt að fólk geti tekið ástföstri við byggingar. Sjálf myndi hún til dæmis ekki vilja sjá Alþingishúsið gert að hóteli. „Þetta eru samt bara byggingar og það má breyta hlutverki þeirra. Hægt er að gera það með virðingu,“ segir hún. Þetta hafi lukkast vel erlendis.

Fækkað hefur mikið í þjóðkirkjunni undanfarnin ár, bæði hlutfallslega og í sálum talið. Árið 1998 voru 90 prósent landsmanna í henni en 62 nú. Meðlimafjöldinn náði hámarki árið 2009, 253 þúsundum, en er nú 229 þúsund.



Gamla kirkjan á Stöðvarfirði er nú gistiheimili.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þetta eru samt bara byggingar og það má breyta hlutverki þeirra.



Inga Auðbjörg
Straumland,
formaður
Siðmenntar

Samkvæmt kirknaskrá frá árinu 2010 var fjöldi kirkna á vegum sókna þjóðkirkjunnar 322 og gerir Pétur Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu, ráð fyrir að fjöldinn hafi ekki mikið breyst síðan þá. Rekstrar- og viðhaldskostnaður eigna var rúmar 277 milljónir árið 2020.

„Fólkið í kirkjunni tekur ákvörðun um að afhelga kirkju. Það er yfir-

leitt gert til að byggja stærri kirkju,“ segir Pétur.

Dæmi um þetta sé gamla kirkjan í Grindavík, sem var afhelguð árið 1982 og hefur gegnt ýmsum hlutverkum síðan, til dæmis verið dagmæðraheimili, leikskóli og AA-hús. Gamla kirkjan á Stöðvarfirði var afhelguð árið 1991 og er nú gistiheimilið Kirkjubær og sú gamla á Blönduósi var afhelguð árið 2007 og er nú notuð undir alls kyns menningarviðburði.

„Afhelgun er ekki erfið eða vandræðaleg umræða innan þjóðkirkjunnar, alls ekki,“ segir Pétur. Fólk þyki það þó gott ef húsið fái samfélagslegt hlutverk eftir á.

Inga nefnir að húsnæði kirkjunnar hafi að stórum hluta verið reist fyrir sameiginlega sjóði og að önnur lífsskoðunarfélög hafi ekki í sömu hús að venda. Þjónustuþegar Siðmenntar, til dæmis, fái ekki að leigja kirkjur undir athafnir, sem sé stórt vandamál þegar kemur að útförum.

Inga segir að hægt væri að þjóðnýta sumar kirkjurnar í þágu fleiri lífsskoðunarfélaga. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

NÝR RENAULT ARKANA

Náttúrulegur Hybrid



SPORTLEGUR OG RÚMGÓÐUR

Hvar sem þú vilt vera og hvað sem þú vilt gera þá flytur Renault Arkana þig alla leið. Hann er náttúrulegt sambland margra eiginleika, alveg eins og þú. Einstök hönnun með rennilegum útlínum, góðri veghæð og fallegu innanrymi gerir hann bæði ómótstæðilega sportlegan og frábæran fjölskyldubíl. Komdu og skoðaðu Arkana!

RENAULT ARKANA E-Tech, Hybrid

Bensín, rafmagn, sjálfskiptur

Verð frá: **5.690.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ



www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Utanvegaakstur í Vonarskarði var tilkynntur til lögreglu.

Fær ekki gögn um utanvegaakstur

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Maður sem vildi fá afrit af tilkynningu Vatnajökulsþjóðgarðs til lögreglu um akstur utan vega fær ekki afrit af tilkynningunni eins og hann óskaði eftir.

Maðurinn kærði þjóðgarðinn til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þjóðgarðurinn sagði fyrir nefndinni að þegar þjóðgarðsvörður tilkynni um brot til lögreglu gildi almennar reglur laga um meðferð sakamála og sé málið þannig á forræði lögreglunnar. Úrskurðarnefndin vísaði kæru mannsins frá nefndinni á þessum grunni. Ekki kemur fram hvort maðurinn tengdist umræddum utanvegaakstri. ■



Eitt af skiltunum væntanlegu.

MYND/ISAFJARDARBÆR

Djasshátíð í Genf auglýst á Ísafirði

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTFIRDIR Bæjarstjórn Ísafjardarbæjar hefur heimilað Svisslendungi að nafni Daniel Freuler að setja upp auglýsingaskilti á þremur stöðum í bænum fyrir djasshátíð í ágúst. Athygli vekur að hátíðin fer fram í borginni Genf, sem er í rúmlega 2.800 kílómetra fjarlægð frá Ísafirði.

Í umsókn segist Freuler vilja búa til hlekk á milli staðanna tveggja og sjálfur dvelji hann á Ísafirði um stund. Skiltin verða á Silfurtorgi, við höfnina og við Skutulsfjarðarbraut.

Hátíðin heitir Jazz sur la plage og var fyrst haldin árið 2014. Undanfarnir tvö ár hefur hún verið í dvala vegna faraldursins en hefur verið endurvakin. Vafalítið munu Ísfirðingar láta sjá sig. ■

Búast við fjölmenni í Hlíðarfjalli í vetrarfríinu

mhj@frettabladid.is

FERDALÖG Brynjar Helgi Ásgeirsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, býst við fjölmenni í fjallinu um helgina vegna vetrarfrís í grunnskólum landsins.

„Ég geri ráð fyrir því að það verði stappað hjá okkur eins og alltaf í skólafríinu,“ segir Brynjar. „Ekki bara um helgina heldur allan þennan tíma sem skólafríin eru, frá 17. til 26.“, bætir hann við.



Á hraðri niðurleið á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Brynjar segir skólafríshelgina alltaf með stærri skíðahelgum ársins ásamt páskunum og býst hann við að allir starfsmenn Hlíðarfjalls verði kallaðir út.

„Núna eru líka engar takmarkanir og við megum vera með eins marga og við getum,“ segir Brynjar og bætir við að veðurspáin sé stórfín alla helgina.

„Það á að vera ofankoma, fint frost og stilla. Þannig að við getum ekki beðið um betra veður.“ ■

Þúsundir Íslendinga búa við stopult eða ekkert farsímasamband heima

Á rúmu einu prósentu Íslenskra heimila er stopult eða jafnvel ekkert farsímasamband. Þetta er einkum vandamál á sveitabæjum en dæmi eru um að farnetsamband náist ekki á höfuðborgarsvæðinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJARSKIPTI Enn eru heimili á Íslandi þar sem ekkert farsímasamband næst og á 1,2 prósentum þeirra næst aðeins slitrótt samband. Þetta er ekki aðeins óhagræði fyrir íbúana heldur einnig öryggisatriði því ekki er tryggt að þeir geti hringt í Neyðarlínuna ef eitthvað kemur upp á.

Samkvæmt spá Fjarskiptastofu ná um 95 prósent lögheimila á Íslandi góðu sambandi frá öllum fjarskiptafyrirtækjum og 98,7 prósent frá að minnsta kosti einu. Þetta er mjög hátt hlutfall en engu að síður mikil lífskaraskerðing fyrir þá sem búa við slæmt eða ekkert samband.

Fjarskiptastofa mun framkvæma mælingar á komandi misserum til að staðreyna niðurstöðurnar. Ef tölurnar eru færðar beint yfir á íbúafjöldann má gera ráð fyrir að 4.500 manns búi við stopult farsímasamband og 375 við ekkert.

Flest tilfelli eru á landsbyggðinni og hafa Fjarskiptastofu til dæmis borist kvartanir frá Dalabyggð. Þá hefur Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra gert könnun á sveitabæjum fjórðungsins þar sem kom fram að stopult samband væri á þriðjungi sveitabæja.

Þorleifur Jónasson, sviðsstjóri fjarskiptainnviða hjá Fjarskiptastofu, segir ekkert eitt svæði á landinu verra en annað hvað þetta varðar. Algengara sé að þetta sé í



Í Dalabyggð hefur borið á slæmu farsímasambandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Til þess að tryggja gott farsímasamband fyrir alla landsmenn þarf að þetta sendakerfi fjarskiptafélaganna enn frekar.



Þorleifur Jónasson, sviðsstjóri hjá Fjarskiptastofu

dreifbýlinu en dæmi séu um staði á höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki er tryggt farnetsamband alls staðar innanhúss.

Ísland er stórt og landslagið getur skapað erfiðleika fyrir fjarskipti. Þá eru byggingar af ýmsum toga og húsaklæðningar, einangrun og veggirnir sjálfir geta haft áhrif á fjarskiptamerki. Nýir staðlar um einangrun glers draga úr drægi merkja og loftnet eru mjög mismunandi.

„Til þess að tryggja gott farsímasamband fyrir alla landsmenn þarf að þetta sendakerfi fjarskiptafélaganna enn frekar,“ segir Þorleifur um hvað þarf til að tryggja farsímasamband á heimilum allra landsmanna.

„Fjarskiptastofa telur að það sé vel fært með samstilltu átaki og samstarfi með frekari uppbyggingu á nýjum tæknilausnum sem eru í farvatninu,“ segir hann.

Vel hafi tekist með uppbyggingu

ljósleiðarakerfisins á landsbyggðinni undanfarnir ár sem skapi aukin tækifæri til að nýta nýja tækni. Fjarskiptastofa horfi til lausna sem hægt væri að innleiða á næstu misserum, það er að tengja farnetsamband og þráðlaus staðarnet (Wi-Fi) innanhúss þannig að talsamband haldist án þess að slitna á milli. „Þetta gæti mögulega verið lausnin á lélegu innanhússambandi sem margir glíma við í dag,“ segir Þorleifur.

Fjarskiptastofa birti á þriðjudag tímaáætlun um útfösun eldri farsímataekni, 2G og 3G. Þorleifur segir það lið í því að flýta uppbyggingu 4G og 5G um land allt. Ýmis úrræði séu í drögum að nýjum fjarskiptalögum sem veiti stofnuninni verkfæri til að hraða uppbyggingu innviðanna. Stjórnvöld stefna að því að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi. ■



FRÉTTAVAKTIN

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttu-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Blómvendir

Verð frá **2.199** kr/stk

Meira fyrir ástina þína

HAGKAUP

Tilboð gilda út 20. febrúar

100%
Hrein afurð



20%
afsláttur

Kjúklingalundir
Verð áður 2.849

2.279 kr/kg



15%
afsláttur

Íslensk nautalund
Verð áður 7.999

6.799 kr/kg



10%
afsláttur

Lambafile
Verð áður 5.799

5.219 kr/kg



Nýtt

Nói Siríus
Doré karamellusúkkulaði

479 kr/stk



Jarðarber 400 g

799 kr/pk



Konudagsterta
Hagkaups

3.499 kr/stk

Varar við snjóflóðahættu og vísar göngufólki á merktar leiðir

ser@frettabladid.is

FERÐALÖG Búist er við að fjöldi landsmanna verði á faraldsfæti um komandi helgi, einkum og sér í lagi vegna vetrarleyfa í grunnskólum landsins og af því tilefni gjalda forkölfar björgunarsveitanna á landinu varhug við ferðum fólks í fjallendi.

„Við vanmetum gjarnan heima-fjöllin okkar af því að við erum von að ganga á þau við góðar aðstæður. En sömu fjöllin geta verið miklu viðsjálmi að vetri til en við getum

gert okkur í hugarlund,“ segir Jónas Guðmundsson, verkefnisstjóri slysavarna hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, sem nefnir Esjuna sem dæmi, bæjarfjall Reykvikinga, en ekkert annað fjall hafi tekið jafn mörg mannlíf að vetri og einmitt sá fjallabálkur.

Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands er töluverð snjóflóðahætta í Esjunni og öðrum álíka fjöllum í grennd við Reykjavík, sömuleiðis á Vestfjörðum og Austfjörðum og þá er snjóflóðahættan



Við vanmetum gjarnan heima-fjöllin okkar af því að við verum von að ganga á þau við góðar aðstæður.

Jónas Guðmundsson, verkefnisstjóri slysavarna hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg



Esjan er varhugaverð að vetrarlagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ofan Akureyrar og yst á Tröllaskaga metin nokkur.

„Spáin er góð og gert ráð fyrir hæg-lætisveðri um helgina,“ segir Jónas, „og það má búast við margmenni í jeppa- og vélsleðaferðum upp um heiðar og fjöll og þá hefur líka fjölgað verulega í hópi göngu- og fjallaskíða-fólks á þessum árstíma.“

Jónas brýnir fyrir göngufólki sem hyggst nýta gott veður til útivistar að halda sig við merktar gönguleiðir og hafa með í för snjóflóðayli, skóflu og stöng ef leiðin liggir um opin svæði. ■



Slökkviliðsmenn í Brasilíu

Yfir 100 látnir í aurskriðum

mhj@frettabladid.is

BRASILÍA Yfir 100 manns hafa látið lífið í brasilísku borginni Petrópolis vegna aurskriða og skyndiflóða á síðustu dögum. Borgin er í fjöllum um norður af Rio de Janeiro. Petrópolis er um 300.000 manna borg og er afar vinsæll ferðastaður. Slökkviliðsmenn og björgunarsveitir sögðu í fyrradag að búið væri að bjarga 24 úr rústunum en búast má við því að dánartölur hækki á næstu dögum. ■



Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Segir NATO ekki ógn við Rússa

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, segir bandalagið ekki vera ógn við Rússa. Þetta kom fram í viðtali Danmarks Radio við Stoltenberg í gærkvöldi þar sem staðan í Úkraínudeilunni var rædd.

„Við erum í mjög hættulegri stöðu,“ sagði Stoltenberg sem kvæð orðræðu Rússa vera ógnandi. „Við vitum að Rússland hefur áður beitt Úkraínu hervaldi. Það gerir ástandið hættulegt.“ ■

Forsætisráðherra biðst afsökunar

mhj@frettabladid.is

HOLLAND Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands, hefur beðist formlega afsökunar fyrir hönd þjóðarinnar eftir að rannsókn leiddi í ljós að Hollendingar pyntuðu og tóku menn af lífi án dóms og laga í sjálfstæðisstríði Indónesíu 1945 til 1949.

Rannsóknin sýnir að hegðun hol-lenskra hermanna var samþykkt af æstu yfirvöldum. Rutte sagði Hol-lendinga mundu horfast í augu við fortíð sína. ■



Flugmaður og þrír farþegar hans í útsýnisflugi létu lífið er TF-ABB fórst í Þingvallavatni fyrir tveimur vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kærðu niðurfellingu rannsóknar lögreglu á TF-ABB til ríkissaksóknara

Ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn á meintu óleyfilegu atvinnuflugi á einkavélinni TF-ABB var af hálfu Samgöngustofu kærð til ríkissaksóknara sem fyrir sitt leyti vísaði kærurni frá nokkrum mánuðum síðar.

gar@frettabladid.is

FLUGMÁL Samgöngustofa vildi ekki una ákvörðun lögreglunnar um að fella niður rannsókn á umsvifum í tengslum við flugvélinu TF-ABB og kærði hana til ríkissaksóknara sem vísaði síðan málinu frá í október. Um er að ræða flugvélinu sem fórst í Þingvallavatni 3. febrúar.

Samgöngustofa bendir á að heimilt sé að flugmaður í einkaflugi og farþegar hans skipti með sér kostnaði af fluginu.

„Vísaði Samgöngustofa málinu

til lögreglu vegna framkominna ábendinga um að viðkomandi flugmaður stundaði atvinnuflug með farþega án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Var málinu vísað til lögreglu í ljósi ríkari heimilda hennar til að rannsaka slík mál, þegar sönnunarstaða getur verið erfið vegna framangreindra heimilda um deilingu kostnaðar,“ segir í svari Samgöngustofu til Fréttablaðsins.

„Lögregla tilkynnti í júní síðastliðnum ákvörðun um að hætta rannsókn málsins þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Samgöngustofa kærði þá ákvörðun til embættis ríkissaksóknara sem vísaði málinu frá í október síðastliðnum,“ segir áfram í svari Samgöngustofu.

„Frávisun málsins hjá embætti ríkissaksóknara markaði lok þess hjá Samgöngustofu að því er varðar þann hluta sem leiddi til lögreglu-



Var málinu vísað til lögreglu í ljósi ríkari heimilda hennar til að rannsaka slík mál, þegar sönnunarstaða getur verið erfið.

Úr svari Samgöngustofu

kæru, það er þær ábendingar sem lágu til grundvallar ákvörðun um að vísa málinu til lögreglu,“ svarar Samgöngustofa þeirri spurningu hvort málinu sé þar með lokið.

„Að því er varðar spurninguna um heimildir yfirvalda til að rannsaka

mál til hlitar sem tengjast meintri atvinnustarfsemi í einkaflugi eða hvort það uppfylli reglur um skiptingu kostnaðar þá hefur Samgöngustofa margvíslegar heimildir til að sinna eftirliti og rannsaka mál,“ svarar Samgöngustofa enn fremur og vísar í lög um loftferðir annars vegar og lög um Samgöngustofu hins vegar. „Ef þörf er á aðkomu annarra stjórnvalda, svo sem lögreglu, í einstaka málum er hægt að vísa þeim þangað.“

Þá segir Samgöngustofa að ábendingar um meint atvinnuflug berist reglulega þangað. „Er brugðist við þeim með því að hafa samband við viðkomandi flugmann og/eða framkvæma skoðanir,“ segir stofnunin og vísar eins og áður kemur fram í reglugerð þar sem heimild er til þess að flugmaður í einkaflugi og farþegar hans skipti með sér kostnaði af fluginu. ■

Mörg ný nöfn í prófkjöri Sjálfstæðismanna

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Hátt í tuttugu manns hafa þegar gefið kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Framboðsfrestur rennur út 28. febrúar næstkomandi og fer prófkjörið fram 18. og 19. mars.

Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi og Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir varaborgarfulltrúi sækjast eftir því að leiða listann.

Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi og Kjartan Magnússon, fyrrverandi borgarfulltrúi, gefa kost á sér í annað sætið.

Töluvert af nýjum nöfnum er komið á lista. Þorkell Sigurlaugs-son athafnamaður og Birna Hafstein, formaður Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum, gefa kost á sér í 2.-3. sæti.

Borgarfulltrúarnir Björn Gíslason og Valgerður Sigurðardóttir gefa kost á sér í þriðja sætið. Heiða Þórðardóttir athafnakona sækist



Birna Hafstein, formaður Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum, og Þorkell Sigurlaugs-son athafnamaður gefa kost á sér í 2.-3. sæti.

eftir 3.-4. sæti. Jórunn Pála Jónasdóttir borgarfulltrúi og Þórður Gunnarsson hagfræðingur sækjast eftir 4. sætinu.

Borgarfulltrúinn Baldur Borgþórsson, sem fór nýverið yfir í Sjálfstæðisflokkinn úr Miðflokknum, sækist eftir 5. sæti, það gera líka Helga Margrét Marzellíusardóttir tónlistarkona og Helgi Áss Grétarsson lögfræðingur.

Þá eru fleiri sterklega orðaðir við framboð, þar á meðal útvarpsmaðurinn Frosti Logason. ■



SPAÐADAGAR

14.–20. febrúar

16” Pizza
af matseðli
1.600



SPAÐINN

ALLT
2L. GOS
Á 200 KR.

Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is



Langur biðtími eftir kynleiðréttingaraðgerð getur reynst hættulegur þeim sem biða slíkrar aðgerðar. Heilbrigðisráðherra segir unnið að því að stytta biðtímann. Fréttablaðið grennslaðist fyrir um stöðu trans fólks og ræddi við sérfræðinga og einstaklinga sem biða eftir aðgerð.

HEILBRIGÐISMÁL Alexander Laufdal Lund er tvítugur trans maður sem er uppallinn á Húsavík en búsettur í höfuðborginni. Alexander kom út sem trans fimmtán ára gamall og byrjaði í kynleiðréttingarferli þegar hann var átján, þá búsettur á Akureyri. Hann kveðst hafa fengið góðan stuðning fagaðila í sínu ferli en segir skorta utanumhald fyrir fólk í hans stöðu.

„Það hefur aldrei verið neitt sérstakt utanumhald fyrir mig, hvort sem það var fyrir norðan eða hérna í bænum. Þannig að ég hef ekki tekið eftir neinum svaka mun þar á milli,“ segir hann.

Að sögn Alexanders er mörgu ábótavant hvað varðar upplýsingagjöf til trans fólks um heilbrigðisþjónustu. Honum var til að mynda tjáð af aðilum í heilbrigðiskerfinu að hann þyrfti að fara í eggheimtu áður en hann myndi byrja á hormónum. Alexander pantaði sér því tíma hjá tæknifrjóvgunarstöðinni Livio en þegar hann komst loks í viðtal mörgum mánuðum síðar fékk hann þær upplýsingar að hæglega væri hægt að framkvæma eggheimtuna eftir að hann færi á hormóna.

„Það er rosa mikið óljóst í trans teyminu. Ég byrjaði bara á hormónum og allt í góðu en eins og að fá samband við innkirtlalækinn, það er ekki séns, það er rosa erfitt að ná sambandi og þótt maður hringi í innkirtladeildina þá næst almennt bara aldrei samband við deildina sjálfa og hvað þá við lækna. Þannig að maður er bara svolítið að frístæla,“ segir Alexander.

Alexander byrjaði á hormónum í september 2019 og komst á biðlista fyrir brjóstnám skömmu síðar. Hann fékk upphaflega tíma í aðgerð vorið 2020 en þegar Covid skall á frestaðist hún um hálf tveimur árum svo Alexander komst ekki að fyrr en í september 2020. Biðin var Alexander nokkuð erfið og hefði hann leitað á einkastofu ef hann hefði haft tök á því.

„Allir aðrir trans strákar í kringum mig voru búnir að fara í brjóstnám og fyrir sumarið, þannig að það var klárlega mjög erfitt.“

Ekki eins ferli fyrir alla

Samkvæmt gögnum frá Landspítala er biðtími eftir kynleiðréttingaraðgerðum hér á landi mjög breytilegur og getur varað allt frá tveimur vikum upp í tíu mánuði, ef frá eru skilin árin 2020 og 2021. Eins og staðan er nú biða 32 fullorðnir einstaklingar eftir því að komast að hjá trans teymi Landspítala og 33 börn eftir því að komast að hjá trans teymi barna- og unglingsdeilda.

Elsa Bára Traustadóttir sálfræðingur hefur starfað hjá trans teymi Landspítala í rúman áratug. Hún segir heilbrigðisstarfsfólk vera meðvitað um að biðin eftir aðgerð geti verið folki þungbær en segir það ekki óeðlilegt að ferlið taki langan tíma, enda sé að mörgu að huga.

„Það er alltaf margra mánaða bið frá því að þú kemur til teymisins og jafnvel einhver ár, það er ekkert óeðlilegt við það. En það ætti náttúrulega ekki að vera mjög langur tími frá því þú ert kominn á biðlista. Við viljum náttúrulega minnka þann tíma,“ segir Elsa Bára.

Eftir að fólk leitar til trans teymisins tekur við sex mánaða greiningarferli þar sem það hittir geðlækni og sálfræðing að meðaltali einu sinni í mánuði. Að því tíma-

bili loknu getur fólk farið á karleða kvenhormóna, ef það óskar þess. Ef fólk ætlar sér svo að fara í aðgerð á kynfærum, ýmist kallaðar kynstaðfestandi aðgerðir eða neðri aðgerðir, þá þarf það að hafa verið á hormónum í að minnsta kosti ár.

Elsa Bára ítrekar þó að ferlið sé mismunandi fyrir hvern og einn einstakling enda sé það algjörlega undir fólk sjálfu komið hvaða þjónustu það óskar eftir.

„Þetta er ekki eitt ferli, það er mjög mikilvægt að átta sig á því, þetta er ekki ferli sem allir fara eins í. En í grunninn er það þannig að það er svona sex mánaða greiningar eða matsferli og svo tekur við meðferð. Það sem fólk er yfirleitt að sækjast eftir er ýmis hormónameferð og/eða skurðaðgerðir, sumir vilja kannski bara fara í brjóstnám og ekkert annað, ekki hormóna, önnur vilja kannski bara komast á hormóna.“

Algjörlega lífsnauðsynleg aðgerð

Undir eðlilegum aðstæðum er kynleiðréttingarferlið nokkuð langt en eins og með allar meðferðir á Landspítala hefur heimsfaraldurinn sett stórt strik í reikninginn. Uglya Stefania Kristjónudóttir Jónsdóttir, formaður Trans Islands, segist hafa orðið vör við þetta í sínu starfi.

„Ég held að Covid hafi svo sannarlega sett strik í reikninginn og það er allt einhvern veginn orðið aðeins hægara og hefur allt tekið aðeins lengri tíma,“ segir Uglya og bætir við að það sem hafi sérstaklega lengst sé bið eftir tímum hjá innkirtlafræðingum og biðtími í aðgerðir.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins viðurkendi Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra að biðtíminn væri of langur og sagði ríkisstjórnina vinna að því að stytta hann. „Þessar aðgerðir eru afar mikilvægar fyrir þau sem þær þurfa. Það er ljóst að biðtíminn er of langur, en óhjákvæmilega hafa biðlistar eftir margvíslegum aðgerðum lengst vegna heimsfaraldurs Covid-19,“ sagði hann.

Kynleiðréttingaraðgerðir, rétt eins og allar aðgerðir sem eru ekki bráðaaðgerðir, eru skilgreindar sem valkvæðar og hefur því illa gengið fyrir trans teymið að fá



Trans fólk kom fyrir rúmri viku að bústað forsætisráðherra Breta í Lundúnum og krafðist þess að mismunun gagnvart hópnun yrði hætt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vanræktur hópur í heilbrigðiskerfinu



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is



Okkar hlutverk í trans teyminu er ekki að segja hver eigi að fá þjónustu og hver ekki.



Elsa Bára Traustadóttir, sálfræðingur í trans teymi Landspítala



Ég held að Covid hafi svo sannarlega sett strik í reikninginn og það er allt orðið aðeins hægara.



Uglya Stefania Kristjónudóttir Jónsdóttir, formaður Trans Islands



Það hefur aldrei verið neitt sérstakt utanumhald fyrir mig.



Alexander Laufdal Lund

pláss á skurðstofum á Landspítala í heimsfaraldurinum.

Trans konan Briet Blær Jóhannsdóttir segir þetta skjóta skökku við en að hennar mati eru slíkar aðgerðir algjörlega lífsnauðsynlegar fyrir geðheilsu trans fólks. „Get ég lifað í tvö ár í viðbót? Þetta er rosalega þungt, að þurfa að biða svona,“ sagði Briet í viðtali við Fréttablaðið í janúar en sjálf hefur hún verið á biðlista eftir neðri aðgerð frá árinu 2020.

Hætta á sjálfskaða og sjálfsvígum

Uglya Stefania er sammála því að kynleiðréttingaraðgerðir séu lífsnauðsynlegar enda skipti þær sköpum fyrir líkamlega og andlega heilsu trans fólks. Þegar hún gekk sjálf í gegnum kynleiðréttingarferli árið 2010 tók það hana tvö og hálf tveimur árum til enda, sem er töluvert fjarrí reynslu Brietar.

„Það sýnir sig líka bara í rannsóknunum að þar sem fólk hefur greiddari aðgang að aðgerðum og þeirri þjónustu sem það þarf á að halda, því betri er geðheilsan. Því minna er um sjálfsvíg og því minni er sjálfskaði hjá þessum hópi. Þannig að þetta er svolítið einfalt reikningsdæmi en eitthvað sem mér finnst spitalinn ekki alveg gera sér grein fyrir. Mér finnst að trans fólk almennt hafi alltaf verið svolítið vanræktur hópur í heilbrigðiskerfinu,“ segir Uglya.

Elsa Bára tekur í sama streng og segir rannsóknir hafa sýnt að trans fólk sé í meiri hættu á sjálfskaða og sjálfsvígum en aðrir samfélagshópar. Þá segir hún það skipta miklu máli að fólk fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu enda kveði lög um kynrænt sjálfraði á um að hver og einn einstaklingur hafi rétt til að skilgreina sína kynvitund sjálfur. Það sé því ekki á færi heilbrigðisstarfsfólks að segja hver sé trans og hver ekki.

„Þetta er bara eitthvað sem fólk er í sjálfsvald sett, hvernig það skilgreinir sig. Og að sjálfsgöðu á það þá rétt á því að fá heilbrigðisþjónustu í samræmi við það. Okkar hlutverk í trans teyminu er ekki að segja hver eigi að fá þjónustu og hver ekki. Við erum bara að reyna að mæta þörfum fólks,“ segir Elsa Bára. ■



Kynleiðréttingaraðgerðir teljast til valkvæðra aðgerða sem hafa setið á hakanum vegna faraldursins.



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Uppsetning á Norðurlandi og
höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar



VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift í bak og sessu
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

MIKIÐ ÚRVAL AF SALTLOMPUM

Fást einnig í:
Beta Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn



Uppgjöf



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Fáir eru á þeirri skoðun að Sjálfstæðisflokkurinn taki við völdum í Reykjavíkurborg eftir borgarstjórnarkosningar í vor. Ekki einu sinni Sjálfstæðismenn virðast trúadír á sigur.

Einmitt það kann að stórum hluta að skýra hið æpandi áhugaleysi flokksins á að koma saman framboðslista sem hægt sé með stolti að kynna fyrir borgarbúum. Þótt baráttan við Dag B. Eggertsson og félagi virðist fyrir fram töpuð þá væri mannsbragur á því fyrir Sjálfstæðisflokkinn að bretta upp ermar og hella sér galvaskur í slaginn. Sú augljósa leið hefur af einhverjum ástæðum ekki verið valin og í stað þess að drífa sig af stað hefur flokkurinn kosið að fara í hálfgerðar felur. Það er nánast eins og hann telji sig ekki eiga neitt sérstakt erindi við borgarbúa.

Það er stórfurðulegt að horfa upp á þetta slen hjá stærsta stjórnmalaflokki landsins. Vissulega kemur að því að Sjálfstæðisflokkurinn mun rumska og átta sig á því að borgarstjórnarkosningar eru á næsta leiti, en hugsanlega mun sú uppgötvun koma of seint. Það er ekki líklegt að kjósendur taki undir sig stökk og hlaupi fagnandi í faðm flokks sem virðist hafa litla sem enga trú á sjálfum sér þegar kemur að borgarmálum.

Fjögur ár enn með Degi B. Eggertssyni blasa við. Það eru alls ekki vondar fréttir því borgarstjórnin hefur staðið sig vel og er auk þess geðugur og hrokalaus – ólíkt sumum félögum hans í Samfylkingunni. Geðvonska og kvabb öfgafultra andstæðinga borgarstjórnans breytir því ekki að hann nýtur virðingar meðal almennings. Sjálfstæðismenn þurfa að vidurkenna þá staðreynd að þeir munu þurfa að hafa mikið fyrir því að telja borgarbúum trú um að borgarstjórnarmeirihlutinn hafi verið á kolangri leið. Sannarlega hefur meirihlutinn ekki gert allt rétt en í meginatriðum hefur hann gengið hinn góða veg. Barátta Sjálfstæðisflokksins í borginni mun verða þung og erfið. Er það kannski þess vegna sem flokkurinn veigrar sér við að hefja hana?

Áhugaleysi þessa stóra flokks á kosningarbaráttunni er stórmerkilegt. Það er reyndar aldrei gaman að tapa – og tap blasir vissulega við. En á meðan málstaðurinn er góður þá er baráttan alltaf þess virði. Er það virkilega svo að Sjálfstæðisflokkurinn komi ekki auga á mikilvægan málstað sem er þess virði að fyrir hann sé barist? Kannski er það þannig. Sjálfstæðismenn hafa þó fram að þessu sótt í völd. Kannski hefur það líka breyst. ■

Barátta Sjálfstæðisflokksins í borginni mun verða þung og erfið. Er það kannski þess vegna sem flokkurinn veigrar sér við að hefja hana?

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Samskipti

Tjeningarmáti þjóðarinnar fer óðara að komast í samt lag eftir á að giska tveggja ára torveldi við að umgangast annað fólk, en alþýða manna hefur einkum átt í brósum við nálægðarmörkin innan um sína líka og hvernig almennri kurteisi skuli vera háttað án allrar snertingar og flirulegra vinaláta. Á þann veg hefur mjúkt og innilegt faðm lagið átt sérstaklega undir högg að sækja, en jafnvel líka lauslegt klapp á bakið, að ekki sé talað um handabandið sem hefur ekki verið samboðið aðstæðum um missera skeið nema handhafar hafi borið þykka lopavettlinga og þaðan af þykkari öryggishanska.

Og snerting

Núna undir hækkandi sól er stóra spurningin í mannlegum samskiptum hvort hin mjög svo varfærna og stundum vandræðalega olnbogasnerting víki fyrir gamla fimmfingralófanum sem klesstur er á annan eins á lofti, en þar er auðvitað ekki saman að jafna í snertingu og samneyti líkamsvessa og húðflaga. Hvað sem því líður verður áhugavert að sjá landsmenn tvístíga hver fyrir framan annan á næstu mánuðum afléttinga og takmarkaleysis með þá óræðu spurningu í augum hvaða kveðja hæfi stundu og stað; a) fjarlægst nikk, b) snertilaust bugt, c) olnbogafípl, d) laust handaband, e) höflegt faðm lag eða f) þétt faðm lag með kossi á kinn. ■

Rangfærslur um rósir



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri
Félags atvinnurekenda

Axel Sæland, umsvifamesti blómabóndi landsins, hefur stundum haldið því fram að innflutningur á blómum sé óþarfur; innlendir framleiðendur anní vel eftirspurn á markaðnum. Það er ekki rétt. Félag atvinnurekenda hefur ítrekað bent á að í kringum stóru blómadagana í febrúar, Valentínusardag og konudag, þarf að flytja inn stóran hluta blómanna af því að innlendir framleiðendur anna hvergi nærri eftirspurn. Á innfluttu blómin leggjast engu að síður himinháir tollar; á Valentínusarrósirnar lagðist þannig á síðasta ári um það bil 88% tollur að meðaltali. Með öðrum orðum tvöfalda tollar hér um bil innkaupsverðið og hafa áhrif á útsöluverðið eftir því.

Í Fréttablaðinu á miðvikudaginn sagði Axel að það væri reyndar rétt að íslenskir blómabændur önnuðu ekki eftirspurn fyrir stóru blómadagana í febrúar, en þeir gerðu það „alla hina dagana“. Þetta er alrangt eins og sést vel á tölum Hagstofunnar um innflutning á rósium. Í febrúar í fyrra þurfti að flytja inn 2,7 tonn af rósium, um 32.000 stykki. Allt árið 2021 voru hins vegar flutt inn 7,9 tonn, væntanlega um 93.000 rósir. Það þýðir að fyrir „alla hina dagana“ þurfti að flytja inn yfir 60.000 rósir. Staðreyndin er sú að íslenskir blómabændur anna alls ekki eftirspurn og innflutningur er nauðsynlegur til að mæta stækkandi markaði. Opinberar álgörur á vörurnar verða að taka eitt-hvert mið af því.

Axel segir réttilega í blaðinu að tollar á blómum séu eingöngu til að vernda innlenda framleiðendur fyrir samkeppni. En hann segir líka að nú í febrúar, í kringum Valentínusardaginn, sé heimsmarkaðsverðið á blómum svo hátt að innfluttu blómin séu mun dýrari en þau íslensku, jafnvel án tollanna. Til hvers þurfa Axel og aðrir blómabændur þá tollvernd á þessum tíma? Af hverju taka þeir ekki undir tillögur FA um að stjórnvöld gefi út tollfrjálsar innflutningsheimildir sem blómaverzlunin gæti nýtt til að anna eftirspurn, án þess að innkaupsverð blóma tvöfaldist? ■

Hvernig er draumasófinn þinn?

Handgerðir íslenskir sófar

- Margar útfærslur í boði
- Mikið úrval áklæða
- Engin stærðartakmörk
- Sérsmíði eftir þínum óskum

Sjá nánar
á patti.is



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Góð færð

Í dag



Guðmundur Andri Thorsson

Það besta við Verbúðina er að þar er engin fjárans morðgáta með einhverjum fjarstæðukenndum mótífum mjög ósennilegs morðingja. Með þessari seríu finnst manni eins og allt í einu hafi verið ruddir fjallvegir sem legið hafa á milli höfunda leikins efnis hér á landi og svo aftur hins raunverulega þjóðlífs með öllum sínum sögum.

Furðu lengi hefur leikið efni í sjónvarpi hér einskorðast við byssuhasar og morðgátur sem eru miklu frekar sérstök grein alþjóðavæddrar kvikmyndagerðar en að þær endurspegli eitthvað sem fólk hefur hugsanlega almennt upplifað og hvað þá daglegt líf hér á landi. Þetta var ein ástæðan fyrir því að svo margt fólk birti myndir af sér á samfélagsmiðlum frá þeim árum þegar serían er látin gerast. Það var ekki til að sýna fram á að viðkomandi mætti bera hið sloruga heiðursmerki sem þau státa af sem unnið hafa í fiski eða verið á sjó – og ekki bara til að sýna myndir af sér þegar þau voru ung og sæt – heldur fyrst og fremst til að segja: hér er saga sem ég tengist. Fólk var að tengja sig og líf sitt við þessa seríu og þá atburði sem þar eru sýndir, og lúta vissulega lögmálum skáldskapar. Fólk skynjaði svo sterkt þessa tengingu. Þetta var eins og að fá rafstuð í þjóðarsálinu.

Smá tuð

Verbúðin var ekki lýtalaus, og hvernig má annað vera? Sjálfur saknaði ég meiri alúðar við sjálft tungutakið, orðfærið, framburðinn, meiri meðvitundar um það hvernig tungumálið er þrungið merkingu, ekki síst hér á landi. Þetta sýndi undarlegt skeytingarleysi um tungumálið sem skiptir ekkert síður máli en gömul merkjavara, hárgreiðslur og fatnaður. Ekki virðist hafa hvarflað að höfundum að ómaksins vert gæti verið að reyna að ná vestfirskum blæbrigðum í tungutaki, frósum og áherslum, og láta jafnvel einhverja tala með þeim framburði sem enn lifir vestra: að segja „langur“ en ekki „långur“ eins og aðrir landsmenn. Mér fannst meiriháttar handvömm að láta persónugerving Samherja ekki tala með þeim grjóthörðu lokhljóðum sem eru svo stór þáttur af persónu fyrirmyndarinnar. Raunar minnti viðkomandi persóna í Verbúðinni meira á Jón Ásgeir í Bónus (næsta sería? og Smári blaðamaður allt í einu orðinn forstjóri og kominn í einkapotulið?) en Þorsteinn Mát, sem kann að vera snjallt.

Þorsteinn Mát sagðist aðspurður í viðtölum ekki kannast við þessa atburði en það má vera honum umhugsunarmál, að ummæli hans um að Guggan verði áfram gul og áfram gerð út frá Ísafirði munu fylgja honum á meðan nafn hans verður nefnt í Íslandssögunni, og engin málaferli breyta því, enginn auður getur strokað þau út, engar flugeldasýningar breitt yfir þau – ekkert mun breyta orðspori hans nema markviss skref til sáttar við aðra landsmenn. Og sú sátt getur ekki snúist um annað en arð þjóðarinnar af auðlind sinni.

Serían var ekki lýtalaus – og eflaust má finna sitthvað að plotti og persónusköpun – en hún var samt þannig að maður segir loksins loksins. Leikurinn fannst mér framúrskarandi, hvort heldur hjá aukaleikurum eða aðalleikurum, og ég má til með að nefna sérstak-

lega Nínu Dögg í hlutverki Hörpu. Sú persóna er heillandi, og afar sannfærandi hvernig hún breytist úr skrifstofumanneskju í þá isköldu og einmana auðvaldsdrottningu sem hún er í lokin, knúin af græðgi og altekin af leiknum sem hún er svo góð í, þótt hún telji sér trú um að allt hafi það verið gert til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi á staðnum. Svona var þetta. Fyrirmyndin að Hörpu og þessum tilteknu atburðum sem keyra hér söguna áfram er mér vitanlega engin sérstök – skáldskapur – og

sú sérstæða samvinnun ástamála, vináttu, auðs og valda – og atvinnulífs – sem serían hverfist um – var ekki nákvæmlega svona neins staðar. En samt er þetta satt. Eins og góður skáldskapur jafnan er.

Engin morðgáta?

Það besta við Verbúðina er að þar er engin fjárans morðgáta. Og samt er þetta morðsaga. Sagan af því hvernig rétturinn til veiða við Íslandsstrendur – sjálf lífsbjörgin – færðist á fárra hendur er líka sagan af því hvernig eitthvað mikilsvert

í þjóðarsálinni var drepið. Samkenndin, samfélagstilfinningin, veiðigleði sjómanna og aflakóna – og hugmyndin um að hver gæti bjargað sér með því að róa til fiskjar. Vitundin um sameiginleg verðmæti þrátt fyrir allt, jöfn tækifæri þrátt fyrir allt. Þetta er sagan um það hvernig gengið var milli bols og höfuðs á heilu byggðarlögunum þegar kvótinn var seldur burt og eftir stóð heilt samfélag án lífsbjargar. Þetta er sagan um mestu eignatílfærslu þjóðarsögunnar.

Þetta er sagan af því hvernig sár

var opnað í samfélagi okkar sem mun aldrei gróa á meðan núverandi gjafakvótafyrirkomulag er við lýði. Skoðanakannanir sýna yfirgnæfandi andstöðu þjóðarinnar við kvótakerfið. Sennilega er réttara að tala um andstöðu við útfærslu á kvótakerfinu en það fyrirkomulag að kvótabinda veiðar við Íslandsstrendur; vafamál er að margir vilji hverfa aftur til óheftra veiða. Það er hins vegar ekkert vafamál að þjóðin mun aldrei sætta sig við annað en sanngjarnan arð af þessari miklu auðlind sem hún á. ■

Sjóvá

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 11. mars 2022

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.
8. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
9. Kosning stjórnar félagsins.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
13. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Stjórn Sjóvá hefur ákveðið að aðalfundurinn verði einnig rafrænn, þ.e. hluthafar geti tekið þátt í fundinum með rafrænum hætti í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Rafræn þátttaka mun því jafngilda mætingu á fundinn og veita þátttöku í honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem þeir ætla að mæta á fundarstað eða fylgjast með fundinum í vefstreymi, þurfa að skrá sig til að nálgast aðgangsupplýsingar á vefsvæðinu <http://www.lumiconnect.com/meeting/sjova>. Hluthafar eru beðnir um að skrá sig tímanlega á fundinn og helst eigi síðar en kl. 15:00 þann 10. mars, eða degi fyrir fundardag, þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að fundinum berist skráning eftir þann tíma.

Þeir sem skrá sig til fundar með rafrænum hætti fá aðgang að streymi af fundinum, geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun eingöngu fara fram í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á fundarstað eða taka þátt í honum með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM á tölvu eða spjaldtölvu. Nánari upplýsingar um skráningu á fundinn og framkvæmd kosninga verða birtar á vefsvæði félagsins, <https://www.sjova.is/adalfundur2022/>.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn á slóðinni <http://www.lumiconnect.com/meeting/sjova>.

sjova.is

440 2000

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður í fundarsölum H og I á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 11. mars 2022 kl. 15:00. Jafnframt verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 15:00, þriðjudaginn 1. mars 2022. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur, ályktanir eða spurningar fyrir fundinn á netfangið stjorn@sjova.is. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum.

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum lúta, í stuttu máli, að lækkun hlutafjár, orðalagsbreytingu vegna rafrænna skjalasamskipta við hluthafa og orðalagsbreytingu vegna fundarboðs aðalfundar varðandi ályktunartillögur og athugasemdir stjórnar og nefnda félagsins.

Tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar á aðalfundi hafa átt þess kost að koma áhuga sínum, og eftir atvikum framboði, á framfæri við nefndina. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að þau Björgólfur Jóhannsson, Guðmundur Örn Gunnarsson, Hildur Árnadóttir, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro verði kjörin til setu sem aðalmenn í stjórn og þau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason verði kosin sem varamenn.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. sunnudaginn 6. mars 2022 kl. 15:00, en vegna eðlis og umfangs starfa tilnefningarnefndar er ekki tryggt að nefndin geti lagt mat á framboð sem berast eftir að 10 dagar eru til fundarins, þ.e. eftir kl. 15:00 þriðjudaginn 1. mars 2022. Framboð skulu berast á netfangið tilnefningarnefnd@sjova.is. Framboðseyðublað er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í fundarboði þessu verður endurskoðuð tillaga birt eigi síðar en 9. mars 2022. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á vefsvæðinu <https://www.sjova.is/adalfundur2022/> að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund, auk annarra upplýsinga og eyðublaða í tengslum við aðalfundinn, verða birt á vefsvæði félagsins, <https://www.sjova.is/adalfundur2022/>.

Aðalfundur er lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík, 17. febrúar 2022.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

SJÓVÁ



Elskulegur sambýlismaður minn,

Tryggvi Eiríksson

Kjartansgötu 7,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Háteigs-kirkju, miðvikudaginn 23. febrúar kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,
Mildríður Hulda KayElskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,**Auður Antonsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð Akureyri 10. febrúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks í Kollugerði fyrir góða umönnun.

Anton G. Sigbórsson

Noonjeen Sharaphat

Valdimar H. Sigbórsson

Guðrún Ó. Sæmundsdóttir

Þorbjörg A. Sigbórsdóttir

Sigurður J. Hafberg

ömmu- og langömmubörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,**Björg Aðalsteinsdóttir**

Holtaseli 35, Reykjavík,

lést á Landspítala sunnudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 21. febrúar kl. 13.

Þorgerður Einarsdóttir

Guðbjartur G. Gissurarson

Viktória E. Ragnarsdóttir

Jónas V. Bjargmundsson

Sigríður Ragnarsdóttir

Smári Hólm Kristófersson

Ágústa Ragnarsdóttir

Þóroddur Ólafur Traustason

Guðbjörg Ó. Ragnarsdóttir

Guðmundur Baldvinsson

ömmubörn og langömmubörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,**Guðjón Kristinn Pálsson**

rafvirkjameistari, Hveragerði,

lést mánudaginn 14. febrúar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju, þriðjudaginn 22. febrúar klukkan 14. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins fyrir einstaka umönnun og hlýju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Ás.

Grétar Bjarni Guðjónsson

Svava A. Kristjándóttir

Guðrún Ásta Guðjónsdóttir

Tryggvi Marinósson

Bryndís Guðjónsdóttir

Óskar S. Reykdalsson

Páll Kristinn Guðjónsson

Auður Ögn Árnadóttir

Guðni Guðjónsson

Ebba Ólafía Ásgeirsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma okkar og langamma,**Jóhanna Lárentsinusdóttir**

frá Stykkishólmi,

til heimilis að Skagfirðingabraut 45,
Sauðárkróki,

lést á hjúkrunardeild HSN á Sauðárkróki 4. febrúar. Minningarathöfn verður í Sauðárkrókskirkju þriðjudaginn 22. febrúar kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á:

https://www.youtube.com/watch?v=6_UCYnICWjU

Útför fer fram frá Stykkishólmskirkju miðvikudaginn 23. febrúar kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á:

<https://youtu.be/o7pCXZhnYUQ>Hægt verður að nálgast streymi á: www.mbl.is/andlat

Sigurður Lárus Hólm

Jóhanna Bárðardóttir

Jóhann Ari Lárusson

Alda Stefaniudóttir

Friðrik Lárusson

Helga Marin Gestsdóttir

langömmubörn.



Sigríður Eir útskrifaðist í fyrravor frá sviðslistabraut í Listaháskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einlægur tilfinningarússíbani

Engar flatkökur á erfidrykkjunni er heiti tilfinningahlaðinnar sýningar þar sem mæður takast á við stóru málin í lífinu.

arnartomas@frettabladid.is

Sýningin Engar flatkökur á erfidrykkjunni stendur nú yfir í Tjarnarbíói. Um er að ræða einlægt verk sem byggir á lokaverkefni Sigríðar Eirar Zophoníasardóttur sem útskrifaðist í fyrravor frá sviðslistabraut við Listaháskóla Íslands.

„Ég sótti um í náminu með ákveðna rannsóknarspurningu í huga sem var einfaldlega: „Um hvað þurfum við að tala?“ Ótrúlega einföld spurning með einföldu svari!“ segir Sigríður Eir hlæjandi. „Í minni listskópun hef ég alltaf verið að garfa við tilfinningar og sjálfa mig svolitíð.“

Sigríður segir að móðir hennar hafi margsinnis í gegnum líf sitt þurft að horfast í augu við dauðann, bæði vegna andlegra og líkamlegra veikinda.

„Þá áttaði ég mig á því að það sem ég þarf að tala um er hún,“ útskýrir Sigríður Eir. „Um hana og fólk eins og hana sem er að glíma við sjálf sig.“

Enginn táradalur

Á sýningunni hittast mæðurnar á sviði og skipuleggja jarðarför móðurinnar. Í gegnum það samtal og skipulag fléttast inn samtöl um alls konar hluti sem hafa haft áhrif á hana í gegnum lífið, hvernig dauðinn getur verið nálægur og ýmislegt annað.

Þetta hljómar ansi þungt.

„Það er málið. Þetta hljómar eins og erfiður sálfræðitími en það hefur ekki verið upplifun fólks sem hlær og hlær á sýningunni,“ segir Sigríður Eir. „Við mamma erum ansi líkar, báðar hressar og léttar týpur og svo fléttast líka mikið af tónlist inn í þetta. Þetta er enginn táradalur þótt fólk hafi gengið út tærvott líka. Fólk fer upp og niður allan tilfinningaskalann eins og í rússíbana.“

Góðar viðtökur eignar Sigríður Eir einlægri nálgun sýningarinnar.

„Þegar maður er að tala um eitthvað sem í er mikill sannleikur og raunveruleiki þá tengir fólk við það. Öll þekkjum við af eigin nærumhverfi að þekkjum fólk sem er að glíma við alls konar hluti. Það er gott að fá að tengja við það og að fá að hlæja að því.“

Tvær sýningar eru eftir í Tjarnarbíói,



Öll þekkjum við af eigin nærumhverfi að þekkjum fólk sem er að glíma við alls konar hluti. Það er gott að fá að tengja við það og að fá að hlæja að því.

önnur á laugardag og hin á sunnudaginn eftir viku og á teikniborðinu er að fara með sýninguna á Akureyri og á Seyðisfjörð.

„Svo er ég að vinna með næstu sýningu sem mig langar að gera með bróður mínum,“ segir Sigríður Eir. „Hugmyndin er að gera þetta að trilogíu, eina sýningu með mömmu, eina með bróður mínum og eina með pabba.“ ■



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Sigríður Nikulásdóttir

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Kjartan P. Kjartansson

Gerður Harpa Kjartansdóttir

Gunnar Sigurðsson

Auður Freyja Kjartansdóttir

Benedikt Arnason

Sólveig Guðfinna Kjartansd.

Arnar Már Hrafnkelsson

og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Ottos Tuliniusvélvirkjameistara,
Brekatúni 2, Akureyri.

Agnes Tulinius Svavarsdóttir

Svavar Tulinius

Þórhalla Halldórsdóttir

Halla Kristín Tulinius

Guðjón Ingvi Geirmundsson

Þórey Tulinius

Guðmundur A. Sigurðsson

Otto Karl Tulinius

Sigrún Finnsdóttir

Hlynur Tulinius

Rósa Hrefna Gísladóttir

afa- og langafabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

TARAMAR Konudagurinn

Íslensku húðvörurnar
sem hafa hlotið
24 alþjóðleg
verðlaun



www.taramar.is, Lyfjaver, Íslandsapótek,
Hagkaup Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILBRIGÐ MELTING



www.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar



Stefán John Stefánsson og Katrín Bjarkadóttir eru heitbundin og eiga saman fjögur börn. Þau verða með draugasögur á Hringbraut í mars.

MYND/ADSEND

Verstu draugarnir þeir sem meiða

Parið Katrín Bjarkadóttir og Stefán John Stefánsson eru stundum kölluð draugabánar enda með sjötta skilningarvitið opið og sérfróð um framliðna í jarðvistinni. Þau halda úti hlaðvarpinu Draugasögur og munu í mars sýna sannanir þess að draugar eru til, á Hringbraut. **2**

Matur & heimili

FÖSTUDAGUR 18. febrúar 2022

KYNNINGARBLAÐ

Kynning: Bláa Lónið

Heima líður okkur best

Heimilislífið er Ásdísi Kristjánsdóttur kært. Hún vill hafa notalegt í kringum sig og blandar persónulegum hlutum saman við nýja. **2**





Myndlist eftir íslenska listamenn prýðir veggina.

Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Ásdís Kristjánsdóttir er 43 ára verk- og hagfræðingur. Eiginmaður hennar er Agnar Tómas Möller og eiga þau saman þrjú börn; tvíburu, stelpu og strákm sem eru 13 ára, og yngri strákm sem er 10 ára. Þau búa í efri byggðum Kópavogs, í Hvörfunum, þar sem náttúran er við höndina, en Ásdís stundar reglubundna hreyfingu og fjölskyldusport.

Ásdís tekur hlýlega á móti okkur á fallegu heimili fjölskyldunnar á björtum og fallegum vetrardegi þar sem snjórinn skartar sínu fegursta.

Hversu lengi hafið þið búið hér í efri byggðum Kópavogs?

„Við bjuggum fyrst úti á Kársnesi en fluttum svo hingað í Hvörfin fyrir rétt um áratug síðan. Hér líður okkur ákaflega vel. Nálægðin við náttúruna og helstu þjónustu eru sannkölluð forréttindi,“ segir Ásdís.

Það sem heillaði þau við húsið var annars vegar staðsetningin og hins vegar skipulag hússins.

„Húsið er þannig uppbyggt að það nær vel utan um fjölskylduna og hér líður okkur vel. Náttúrefugurinn í Kópavogi er engu lík og allt um kring eru afskaplega fallegar gönguleiðir sem hentar vel fyrir hundafólk eins okkur. Reyndar er hundurinn okkar ákaflega latur og þrjóskur, hann neitar einfaldlega að fara út í göngutúra þegar veðrið hentar ekki, sem hefur verið ansi oft á þessum fyrstu vikum ársins,“ segir Ásdís og hlær.

Fjarlægð heimilisins frá skóla og öðrum tómstundum fannst henni líka skipta miklu máli sem og samgöngur til og frá vinnu.

„Umferðin hefur verið að þyngjast einna helst í Reykjavík en þó einnig hér í efri byggðum. Arnar-nesvegurinn mun sem betur fer létta á þeirri umferð þegar hann verður tilbúinn en því miður er nú eitthvað lengra í að umferðarvandinn leysist í Reykjavík.“

Tennis nýjasta áhugamálið

„Í raun má segja að reynsla mín komi úr atvinnulífinu annars vegar og hins vegar úr uppeldisstarfi barna minna en þau hafa alist upp í Kópavogi nánast alla sína ævi. Í gegnum börnin mín hef ég því snertifleti við svo margt, hvort sem það er skólinn, íþróttirnar, tónlistarnámið eða aðrar tómstundir. Okkur fjölskyldunni hefur alltaf líðið vel í Kópavogi og hér viljum við búa.“

Ásdís hugsar vel um heilsuna og passar sig að halda daglegri rútínu samhliða vinnu og fjölskyldulífi.

„Ég hef mikinn áhuga á alls kyns hreyfingu. Ég hef verið í um



Ásdís er alsæl í efri byggðum Kópavogs og segir það forréttindi að búa í nálægð við náttúruna.



áratug í þjálfun með systur minni og vinkonum hjá sama þjálfara, á sama tíma í hverri einustu viku. Það gefur mér ótrúlegan kraft að eiga góða vinkonustund í ræktinni. Auk þess stunda ég reglulega hlaup, Pilates og tennis. Við hjónin byrjuðum nýverið að æfa tennis í Tennishöll Kópavogs og er tennis því okkar nýjasta áhugamál. Þá förum við mikið á skíði þegar tími gefst og aðstæður leyfa. Það er okkar fjölskyldusport.“

Persónulegir hlutir í bland við nýlegri og sögulega

Þegar kemur að heimilisstíl Ásdísar vill hún hafa notalegt í kringum sig.

„Ég blanda saman persónulegum hlutum við nýlegri hluti. Ég er ekki endilega að fara eftir

Heimilishundurinn Perla er mikil dekurrofa og nýtur sín best þegar hún fær að hafa það notalegt með húsmóðurinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

stefnum og straumum hverju sinni heldur vel það sem mér finnst fallegt, praktískt og auðvitað þægilegt. Þrátt fyrir að ég geti verið afskaplega litaglöð í fatavali er ég með frekar hefðbundinn stíl þegar kemur að heimilinu. Mikilvægast er að heimilið haldi vel utan um okkur og auðvitað að öllum líði vel á heimilinu.“

Hvað finnst þér gera heimili að heimili?

„Heimilið er sannkallaður gríðastaur fjölskyldunnar. Hér líður okkur best. Samverustundir okkar hér, myndir af minningunum sem við höfum skapað saman og góðar stundir hér með vinum og fjölskyldu eru það sem gerir þetta að heimilinu okkar.“

Fyrsti bollinn sá heilagasti

Í eldhúsinu slær hjarta heimilisins og fjölskyldan kemur þar mikið saman.

„Eins og sakir standa er skrifstofan mín í borðstofunni og þá er gott að hafa opið inn í eldhúsið þannig að ég næ öllum samtölum sem þar fara fram.“

Hvað finnst þér ómissandi að vera með í eldhúsinu?

„Kaffivélin er ómissandi. Ég drekk mikið kaffi en fyrst og fremst fyrir hádegi. Fyrsti bolli dagsins er jafnframt sá allra heilagasti á meðan ég les blöð dagsins. Ég fer fyrst á fætur á mínu heimili. Þessi stund er því notaleg og fáir að berjast um blöðin.“

Ertu sælkeri og nýtur þess að elda og baka?

„Ég er mikill sælkeri. Við leggjum mikið upp úr því að elda hollan og góðan mat á virkum dögum en um helgar leyfum við okkur meira. Ég er ekki eins góður kokkur og maðurinn minn. Við höfum því komið okkur upp ágætri verkaskiptingu, maðurinn minn eldar



Kaffistellið sem Ásdís erfði frá ömmu sinni og afa er í miklu dálæti hjá henni og orðið sextíu ára gamalt.



Fallegar ljósar viðarinnréttingar eru í forgrunni í eldhúsinu og við eldhúseyjuna slær hjarta heimilisins.

en ég geng frá. Ég sé hins vegar um bakstur heimilisins ásamt dóttur okkar sem er reyndar duglegri en ég að baka þessa dagana. Þá fékk ég nýverið súr frá vinkonu minni og hef verið að prófa mig áfram í að baka súrdeigsbrauð. Óhætt er að segja að rými til bætinga í súrdeigsbakstrinum sé þó nokkurt.“

Þegar kemur að efnis- og litavali inn á heimilið er Ásdís meira í jarðlitum og tímalausri áferð.

„Þegar kemur að húsgögnum vel ég meira hefðbundna jarðliti en skreyti þá frekar veggina með litríkum myndum. Fljótlega eftir að við höfum búskap byrjaði maðurinn minn að kaupa myndlist eftir íslenska listamenn sem flest prýða heimilið í dag. Við njótum þess að hafa á veggjunum fallegar myndir sem hafa fylgt okkur lengi.“

Áttu þína uppáhaldshluti sem eiga sér sögu?

„Kaffistell ömmu og afa sem ég erfði, en stellið er líklega um 60 ára gamalt. Það fylgir því alltaf sérstaklega notaleg tilfinning að draga það fram. Þá þykir mér einnig mjög vænt um teppi sem amma hekladi fyrir okkur þegar við höfum búskap.“

Ásdís segir að þau eigi ekki eiginlegt matarstell en henni þyki stellið frá Royal Copenhagen afskaplega fallegt.

„Ég á nokkrar bolla en hef ekki safnað stölinu sjálfu.“

Heimilið prýða líka lifandi plöntur og er rétt eins og hver planta eigi sinn stað.

„Mér finnst lifandi plöntur gera heimilið hlýlegra og notalegra og við höfum þær í nánast hverju einasta herbergi. Svo á ég það til að freistast til að kaupa fallega blómvendi um helgar,“ segir Ásdís og bætir því við að þeir gleðji augað.

Garðurinn er stór partur af heimilinu, sérstaklega á sumrin. Þar er góður pallur og heitur pottur sem er mikið nýttur af fjölskyldunni árið um kring.

„Á sumrin njótum við þess að sitja úti, hvort sem er að spjalla eða borða úti þessa fáu daga sem það er hægt. Þá er sonur minn duglegur að draga mig í pottinn áður en við förum í náttfötin á kvöldin.“ ■

Panthella ljós

HÖNNUN: VERNER PANTON



**louis
poulsen**

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / 5687733 / www.epal.is



Frönsk matargerð á hjarta mitt

Matur og matargerð er líf og yndi Helgu Gabrielu Sigurðardóttur. Hún útskrifaðist sem matreiðslumaður frá VOX árið 2019 og vann eftir sveinspróf sem yfirkokkur á Klömbrum Bistró. Þessa dagana nýtur hún þess að vera í fæðingarorlofi.

sjofn@frettabladid.is

Helga Gabriela Sigurðardóttir segist dásamlega vel gift Frosta Logasyni og saman eiga þau tvo drengi.

„Þeir eru allir miklir nautnaseggir og ég elska að elda hollan og góðan mat fyrir þá. Ég stunda reglulega líkamsrækt og er orðin algjör þrjónakerling eftir að ég eignaðist strákana mína. Veit fátt betra en að að setjast í sófann með hljóðbók, kaffibolla og þrjóna.“

Hvenær kviknaði áhuginn á bakstri og matargerð?

„Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á matargerð. Ég þvældist mikið í eldhúsinu hjá ömmu og afa í Drápuhlíð og fékk alltaf að hjálpa til. Enda kom engum á óvart þegar stefnan var tekin á kokkinn um tvítugt. Ég hef líka eldað mikið með mömmu og er þakklát fyrir að hafa alist upp við frábæra eldamennsku og fengið að taka þátt. Þetta voru dýrmætari fjölskyldustundir sem sitja í minningunni. Mér hefur líka alltaf fund-

ist gaman að baka en það var ekki fyrr en á VOX sem ég fór að læra master-eftirréttagerð og bakstur. Áhuginn jókst svo með aukinni getu eftir því sem ég varð betri og flinkari,“ segir Helga Gabriela sem í dag rekur Smakk sem sérhæfir sig í veislukökum fyrir öll tækifæri.

Matur er mannsins megin

Hvaða matargerð heillar þig mest?

„Frönsk matargerð á hjarta mitt. En ég elska að elda mexíkansk eða ítalskt fyrir fjölskylduna. Lífið væri erfitt án tacos og pitsu.“

Hvar slær hjarta heimilisins?

„Eldhúsið er besti staðurinn, enda er matur mannsins megin.“

Ómissandi eldhúshald?

„Góð panna og góður hnifur.“

Hvað áttu ávallt til í ísskápnum?

„Haframjól, sóðavatn, sitrónur, súr, góðgerla og engiferskot.“

Áttu hlut sem þér þykir vænt um?

„Ætli það sé ekki ítalska La Pavoni-espressovélin hans afa sem ég er með í láni á meðan þau búa í Portúgal. Hann hefur átt hana í 18 ár og hún virkar eins og draumur.“

Uppáhaldsmatarstellið?

„Littala-matarstellið sem ég fékk frá Helgu ömmu. Það er svo fint að ég nota það nánast bara á jolum.“

Matur sem minnir þig á æskuna?

„Það er klárlega eldrauður tandoori-kjúklingur og „thai fish cakes“ með sweet chili sósu, gúrkum og



Helga Gabriela segir lífið erfiðara án taco og pitsu. MYNDIR/MARGRÉT R. JÓN-ASAR



Kjúklingaréttur afa Helgu Gabrielu er í miklu dálæti enda undurgóður.

áður en hann er eldaður. Þá verður hann lungamjúkur og safaríkur. Það fyrsta sem ég geri er að nudda kjúklinginn upp úr góðri ólífuolíu og krydda vel með ferskum pipar og smá Maldon-salti. Í lokin sting ég hvítlauksrifi inn í eða undir hvern bita.

Grillið kjúklinginn við 200°C í ofni í um 25 mínútur, eða þar til hann er gylltur og stökkur. Setjið þá sitrónusneiðar og basilíku yfir kjúklinginn. Ég nota basilíku frá Vaxa, hún geymist vel í ísskáp og bragðast dásamlega.

Í lokin er gott að hella örliðu af olíu yfir til að koma í veg fyrir að sitrónan og basilíkan þorni upp. Setjið kjúklinginn aftur í ofninn og grillið í 5-10 mínútur. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er tilvalið að nota ólífuolíuna og gúmmulaðið úr ofnbakkanum til að „drissla“ kjúklinginn. Sumum finnst gott að setja soðið yfir tagliatelle. Það er gott að bera réttinn fram með gufusoðnum gulrótum og spergilkáli. ■

salthnetum sem ég fékk hjá ömmu og afa í Drápuhlíð.“

Hvað er skemmtilegast að baka?

„Klárlega eitthvað með súr; súrdeigsbrauð, beyglur eða pitsu. Líka góðar súkkulaðibitakökur. Er með uppskrift að einni slíkri á Instagram, @helgagabriela.“

Lumar þú á skemmtilegu matar-kombói sem ekki margir þekkja?

„Fiskur í raspi og bananar. Hljómur furðulega, en hrikalega gott með nýjum soðnum kartöflum, mýktum lauk og remúlaði.“

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

„Hamingjusöm þriggja barna móðir, í góðu formi og með eigin rekstur í miklum blóma.“

Helga Gabriela gefur uppskrift að sínum uppáhaldskjúklingarétti.

„Uppskriftin er frá afa mínum sem er mikill matgæðingur. Ég hef lært mikið af honum og hann gerir allveg geggjaðan mat.“

Ómóttstæðilegur kjúklingaréttur afa

[Kjúklingur \(leggir og læri\)](#)

[1-2 stk. sitrónur](#)

[Handfylli af ferskri basilíku](#)

[Góð ólífuolíu](#)

[Hvítlauksrif fyrir hvern kjúklingabita](#)

[Salt og pipar eftir smekk](#)

Lykilatriði í þessum rétti er að nota góð hráefni og láta kjúklinginn standa við stofuhita í klukkustund



LYSING & HÖNNUN

WWW.LYSINGOGHONNUN.IS

Bláa Lónið býður nú upp á einstakar flotmeðferðir þar sem sameinast óviðjafnanleg kyrrð og íslenskt hugvit á einum fallegasta stað veraldar. Það jafnast ekkert á við það að fljóta um í fullkomnu þyngdarleysi í hlýju kísilríku vatninu mitt í hraunbreiðunni.

Flotmeðferðirnar í Bláa Lóninu eru þrenns konar. Um er að ræða einstaklingsflot, paraflot og hópaflot. Flotbúnaður Flothettu sér um að halda þátttakendum á floti á meðan meðferðaraðili veitir mjúka meðhöndlun og nudd í heilandi jarðsjónum.

Íslensk hönnun og hugvit

Flothetta er íslensk hönnun og hugvit Unnar Valdísar Kristjánsdóttur, hönnuðar, jóga- og vatnsmeðferðaraðila. „Flothetta varð til árið 2011 á meðan ég var við nám í Listaháskóla Íslands,“ segir Unnur.

Flothetta býður upp á flothettur ásamt ýmsum öðrum flotbúnaði sem er hannaður til að veita líkamanum fullkominn flotstuðning í vatni og hjálpa fólki að fljóta í algeru þyngdarleysi. „Þegar flotið er og þyngdaraflinu sleppir frelsast þeir hlutar líkamans sem bera uppi þunga okkar dagsdaglega. Rannsóknir sýna að flot er einstaklega róandi og við það eitt að sleppa tökunum og leyfa sér að fljóta eiga ákveðin efnaskipti sér stað. Streituvaldandi hormón, líkt og adrenalín og kortisól, víkja fyrir vellíðunarhormónunum endorfíni og beta endorfíni sem er verkjastillandi.

Þetta góða slökunar- og vellíðunarastand gerir okkur kleift að losa um andlega og tilfinningalega streitu og skapa samhljóm og tengingu á milli líkama og anda. Þarna samtvinnast í raun áhugi minn á hönnun og að vinna með heita vatnið til heilsueflingar, slökunar og í lækningaskyni,“ segir Unnur.

Flotþerapiunám

„Með auknum vinsældum flotsins hefur orðið til þörf á að þjálfar og mennta fólk í að halda utan um flot af ábyrgð og þekkingu,“ segir Unnur. „Flotþerapiu-þjálfunarprógrammið er þriggja stiga nám sem ég hef þróað í samstarfi við félag minn Omer Shenar, sem er afar reynslumikill vatnsmeðferðaraðili frá Ísrael. Í flotþerapiu-náminu er kennd tækni í líkamsmiðaðri vatnsmeðferðarvinnu og aðferðir sem gera fólk hæft til að leiða aðra inn í ástand djúpslökunar í vatni. Þátttakendur í náminu öðlast skilning á vísindum og heilsufarslegum ávinningi vatnsslökunar og læra að vinna með ólíkar þarfir fólks.“

Nuddarar Bláa Lónsins sem farið hafa í gegnum þjálfunarprógrammið Flothettu sjá um flotmeðferðir í Bláa Lóninu. „Þetta er djúpt og heilandi ferðalag þar sem gestir eru leiddir af mýkt og öryggi inn í kyrrð og eftirgjöf þyngdarleysis. Allt miðar þetta að því að næra og örva heilbriggt orkuflæði líkamans og losa út neikvæð áhrif streitu. Lögd er áhersla á algjöra endurnæringu í gegnum djúpt slökunarastand í þyngdarleysinu og að losa um alla spennu líkamans með mjúkum teygjum, togi og nuddi,“ segir Unnur.

Séríslensk hugmynd

Hugmyndin að Flothettu segir Unnur að hafi sprottid upp úr reynsluheimi sínum. „Þetta kemur úr reynsluheimi Íslendinga sem elst upp við daglegar sundlaugarferðir og þau forréttindi að búa í landi vatnsauðlegðar. Þetta samtvinnast svo áhuga mínum á heilsu og þá sérstaklega andlegri heilsu og öllum þeim athöfnum sem miða að því að skapa ró og jafnvægi.“

Slakað á fljótandi og þyngdarlaus í undri veraldar



Sú tilfinning að fljóta um þyngdarlaus í hlýjum jarðsjónum og slíkri náttúrufegurð sem Lónið hefur upp á að bjóða er engri lík á heimsvísu. MYND/BLÁA LÓNID



Unnur Valdís er konan á bak við Flothettu, sem hefur vakið athygli um heim allan. Flothetta sprettur upp úr einstakri sundmenningu Íslands og þykir einstaklega íslensk hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þegar flotið er og þyngdaraflinu sleppir frelsast þeir hlutar líkamans sem bera uppi þunga okkar dagsdaglega.

Flothetta Unnar hefur heldur betur vakið athygli út fyrir landsteinana. „Flothetta þykir vera einstaklega séríslensk hugmynd, þar sem eflaust fáir myndu láta sér detta í hug að hanna og framleiða fljótandi höfuðfat, nema einmitt Íslendingur sem elst upp við svona blómlega baðmenningu eins og hér ríkir. Samfélagið og kúltúrin sem Flothetta hefur gefið af sér eru að sama skapi mjög ríkuleg. Þar má nefna skipulögð hópaflot eins og Samflot og Flotmeðferðirnar, sem hafa ekki síður notið mikillar athygli um heim allan. Flotmeðferðirnar hafa hlotið afar góðar undirtektir og hefur aðsóknin verið stöðug frá því að byrjað var að bjóða upp á þær. Erlendum gestum okkar finnst líka sérstaklega spennandi að fá að njóta þessarar séríslensku vatnsupplifunar.“

Flotmeðferðir í undri veraldar

„Það er einstaklega skemmtilegt að Bláa Lónið bjóði nú upp á flotmeðferðir í lóninu sjálfu, sem er eitt af undrum veraldar. Fyrir utan fegurðina og einstaka náttúruupplifun í Bláa Lóninu eru endurnærandi áhrifin og upplifunin ekki síður fólgin í steinefnaríku vatni lónsins. Þú finnur samhljóm með vatninu, jörðinni og snertingu meðferðaraðila. Jarðsjórinn hefur einstök áhrif á líkama og sál og með kyrrðinni, hlýjunni og þyngdarleysinu skapar þetta allt hinar fullkomnu aðstæður fyrir dásamlegt flotið,“ segir Unnur.

Gestir Bláa Lónsins sem hafa prófað flotmeðferðirnar hafa allir verið himinlifandi yfir þessari nýju viðbót í meðferðarflöru lónsins. Allar nudd- og flotmeðferðir fara fram á einkasvæði lónsins, sem er opið svæði en takmarkað fyrir meðferðargesti. Aðrir gestir í lóninu hafa takmarkaða sýn þangað. Hitastig lónsins er 37-39°C. Flotmeðferðirnar eru viðbótarþjónusta fyrir gesti Bláa Lónsins, Retreat Spa, Silica og Retreat hótél sem bóka þarf sérstaklega. Allar upplýsingar er að finna á vef Bláa Lónsins, blaalonid.is. ■

Bókaðu flotmeðferð á vef Bláa Lónsins, blaalonid.is.



Flotmeðferðirnar hafa róandi áhrif á líkama og sál og eru framkvæmdar af nuddurum Bláa Lónsins sem hafa hlotið viðeigandi menntun. MYND/BLÁA LÓNID



Heimilisstill Ingunnar og Reynis er stílhreinn, fallegur og skandinavískur.



Ingunn og Reyni þykir mest um vert að heimilið sé umlukið hlýju og þar sé gríðastaður fjölskyldunnar þar sem allir njóti þess að vera saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Fagurt heimili fullt af hlýju og ást



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Ingunn Björk Vilhjalmsdóttir og Reynir Sævarsson gerðu upp fallegt og reisulegt hús á Laugarásveginum sem hafði verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá því að það var byggt árið 1956 eða þar til að þau keyptu það í ágúst í hittiðfyrra.

Þetta er fyrsta eign þeirra saman en samtals eiga þau sex börn. Reynir á þrjá stráka, þar af einn uppkominn, og Ingunn á þrjár stelpur. Ingunn er ráðgjafi á sviði mannauðsmála hjá Attentus en Reynir er verkfræðingur hjá Eflu. Bæði hafa þau áhuga á að gera upp hús en hafa einnig gaman af garðyrkju og því að skapa. Reynir smíðar þá helst, en Ingunn gerir til dæmis kransa úr gróðrinum úr umhverfinu.

Ingunn og Reynir eru afar hamingjusöm í húsinu og líður vel. „Þetta fallega hús hefur verið mjög gefandi og skemmtilegt verkefni. Reynir hefur alltaf átt sér draum um að byggja en ef maður vill búa í grónu hverfi er frekar erfitt að láta það rætast. Að gera svona gagngert upp kemst nokkuð nærri því að byggja. Við fluttum inn á Þorláksmessu í hittiðfyrra og höfum aðeins búið hér í rúmt ár. Við keyptum húsið í ágúst og fengum það afhent í byrjun október þannig að við höfðum aðeins um 80 daga til að klára ansi umfangsmiklar endurbætur en það tókst þar sem við höfðum alveg frábæra iðnaðarmenn með okkur,“ segir Ingunn.

„Þetta er okkar fyrsta hús og við höfðum sett markið á að finna hús í Laugardalnum sem hentaði okkar stóru fjölskyldu. Fyrst þegar við sáum þetta hús vorum við rétt að hefja leitina og fannst það of stórt og líka of mikið verkefni. Einhver annar keypti það en síðan varð ekki af þeim kaupum og húsið fór aftur á sölu. Þá skoðuðum við það og féllum alveg fyrir því, því bæði var það sérstaklega fallegt og skemmtilega uppbyggt, og það rúmaði okkur öll vel án þess að vera eitthvað risastórt. Það var augljóslega hannað fyrir fjölskyldu



Eldhúsið er vel heppnað og rúmar vel alla í mat í borðkróknum því bekkurinn tekur lengi við.

með mörg börn og við sáum okkur strax passa mjög vel í húsið. Það er teiknað af Herði Bjarnasyni sem stuttu síðar varð húsameistari ríkisins en með honum var nýtskrifaður finnskur arkitekt og við trúum því að hann hafi líka komið með skemmtilegan og ókunnugan brag á útfærsluna,“ segir Reynir.

Upprunalegur stíll hélt velli
Húsið var byggt árið 1956 og hafði alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldu.

„Það var algjörlega í upprunalegu útliti en hafði fengið gott viðhald að utan svo það var í grunninn heilt og gott hús. Stíllinn ber merki tiskunnar frá miðri síðustu öld. Okkur báðum þykir hann mjög skemmtilegur sem gerði þetta sérstaklega áhugavert verkefni,“ segir Reynir.

Þau spurðust fyrir um innanhússarkitekta sem hefðu reynslu af þessum stíl og uppgerð húsa og réðu Huldu Aðalsteinsdóttur til aðstoðar.

„Hulda teiknaði eldhúsið og baðherbergin og leiðbeindi okkur með liti, gólfefni, gardínur og varðveislunni á því sem gat staðið áfram, eins og innihurðir og innréttingar



Blóm eru áberandi á heimilinu, hér í eldhúsinu.

í stofunni sem hún harðbannaði okkur að hrófla við, enda gullfallegar. Markmiðið var að halda í stílinn og við tókum mikið mið af því hvernig eldhúsið hafði verið upprunalega. Síðan færðum við baðherbergið á efri hæðinni til að hafa það stærra og sameinuðum tvö rými í eitt vinnuherbergi. Það rými heitir á gömlu teikningunni „vinnukonuherbergi“ og var væntanlega ætlað þjónustukonu eins og gjarnan var á þeim tíma, en við grinumst með þetta í dag og köllum skrifstofuna okkar stundum „vinnukonuherbergið,“ segja þau Ingunn og Reynir sem ákváðu að gera allt fyrir húsið sem þörf var á.

„Við endurnýjuðum allar lagnir og allar innréttingar, aðrar en í stofunni, og hurðirnar fengu að halda sér, enda sérlega vel smíðaðar. Um helmingur glugganna var endurnýjaður og restin af þeim verður endurnýjuð á næstu árum. Rafmagn var allt endurnýjað og fært í nútímalegt horf, án neinna öfga.“

Gríðastaður fjölskyldunnar
Heimilisstill Ingunnar og Reynis er einfaldur, stílhreinn og skandinavískur, með fallegri áferð.

„Við tókum með okkur flest öll húsgögnin okkar sem pössuðu inn og höfum keypt notuð húsgögn í þessum gamla stíl,“ segir Ingunn en þeim Reyni þykir mikilvægt að öllum líði vel á heimilinu.

„Okkur finnst mikilvægt að heimilið sé gríðastaður, þar sem allir eru saman, og umvafið hlýleika. Á móti þarf líka að vera svæði fyrir hvern og einn, og barnahebergin niðri gefa krökkunum sitt svigrúm. Okkur finnst líka mikilvægt að hafa hluti sem við tengjum við og minna okkur á eitthvað gott. Við erum með myndir af fólkinu okkar en líka verk eftir ættingja okkar, til dæmis erum við með fallegan stól sem afi Ingunnar smíðaði og listaverk eftir mæður okkar og frændfólk. Svo verða að vera blóm sem þarf að sinna og húsdýr sem klóra og skemma, og ekkert á að vera bannað. Ef unglíngurinn vill

Við munum varðveita þessar hefðir, flagga á afmælisdegi bóndans og baka reglulega appelsínuköku húsfrúarinnar.

Ingunn Björk Vilhjálmstöddir

hafa graffitiverk á sínum vegg þá bara höfum við það þannig," segir Reynir en parið er mjög hrifið af lifandi plöntum.

„Það er hluti af þessum „mid-century modern“ stíl að hafa þær hér, við erum alveg að velja tegundir sem voru áberandi þá.“

Hjarta heimilisins slær í eldhúsinu sem er einstakleg vel heppnað. Það er stórt og mikið og rúmar vel alla í mat í borðkróknum því bekkurinn tekur lengi við.

„Við borðum nær alltaf í eldhúsinu og krakkarnir læra líka mikið þar. Við erum virkilega ánægð með útkomuna og Hulda arkitekt á mikinn heiður skilinn. Hún horfði mjög til þess hvernig áður var innanstokks en létti mikið á því og slepti efri skápum.“

Munu varðveita hefðir hússins

Gaman er að segja frá því að fjölskyldan sem seldi þeim Ingunni og Reyni húsið leyfði þeim að halda nokkrum ljósum og hlutum sem tengjast sögu hússins.

„Inni á baði er gamalt þvottabretti uppi á vegg og inni í stofu er rauðvínsflaska frá því að gömlu hjónin skáluðu með smiðunum í reisugillinu. Síðan varð mjög ánægjuleg tenging við fjölskylduna sem seldi okkur; þau voru að láta af hendi æskuheimilið og var ekki sama hvað yrði um húsið. Þau voru svo elskuleg að sýna okkur fullt af myndum frá gamla tímanum sem við nýttum inn í verkefnið. Þau hafa síðan komið og heimsótt okkur og skoðað breytingarnar og voru mjög ánægð að sjá það sem við höfum gert. Þau sögðu okkur fullt af sögum og kenndu okkur meira að segja að baka kökuna sem móðir þeirra hafði alltaf til handa þeim sem krökkum og við erum þegar byrjuð að æfa okkur í að baka hana. Þau sögðu okkur meðal annars þá skemmtilegu sögu að það hefði alltaf verið flaggað á afmælisdegi föður þeirra, en það kom í ljós að sá dagur er einmitt sami afmælisdagur og Ingunnar, 18. júlí. Við munum varðveita þessar hefðir, flagga á afmælisdegi bóndans og baka reglulega appelsínuköku húsfrúarinnar," segja þau Ingunn og Reynir frá.

Sagan á bak við kökuna

„Börnin sem ólust upp í húsinu gáfu okkur uppskriftina frá móður þeirra. Appelsínukakan var ávallt til á heimilinu, hún var geymd á eldhúseyjunni og krakkarnir fengu sér eina kökusneið eftir skóla. Við munum að sjálfsögðu halda í þá hefð og við vitum að börnin okkar munu ekki mótmæla henni," segja þau Ingunn og Reynir hamingjusöm.

Appelsínukaka frá Margrétar

200 g smjör
200 g hveiti
200 g sykurl
3 egg
½ tsk. lyftiduft

Safi

1 appelsína
1 sítróna
Smá sykurl



Ingunni og Reyni liður afar vel í húsinu og segja að þetta fallega hús hafi verið gefandi og skemmtilegt verkefni að fást við.



Unglingurinn vildi hafa graffitiverk á sínum vegg og fékk ósk sína uppfyllta.



Appelsínukakan var ávallt til á heimilinu og geymd á eldhúseyjunni.



Hinn svarti og klassiski skífusími fylgdi húsinu og nýtur sín vel.

Appelsínuglassúr (spari)

200 g flórsykurl
1 msk. appelsínusafi og 1 msk. sítrónusafi
½ tsk. vanilla
1 msk. rjómi eða mjólk

Smjör og sykurl hrært saman. Eggjum bætt út í, einu í einu. Hveiti og lyftidufti bætt við í lokin. Setjið deigið í hringlaga form og bakið í ofni við 180°C í 25 mínútur. Safi kreistur úr appelsínu og sítrónu, og hitaður ásamt sykri og hellt yfir kökuna þegar hún er volg. Gott að raspa smá af appelsínunni og sítrónunni yfir kökuna. Það er hægt að útbúa appelsínuglassúr fyrir þá sem vilja, en þá verður hún sætari. Það er meira spari. Öll hráefni eru sett saman í skál og hrært. Ef þið viljið hafa áferðina þunna, þá bætið þið rjóma eða mjólk út í. ■



Rauðvínsflaskan frá því að gömlu hjónin skáluðu með smiðum 1954. Inni í flöskunni er handskrifaður miði með nöfnum allra smiðanna.



Glæsilegur stigi er í húsinu og við stóran glugga. Fallegt veggteppið gerði Herdis Guðmundsdóttir, móðir Ingunnar.



Einstaklega vel tókst til við að blanda saman upprunalega stíl hússins og nýju.



Arinninn í stofunni er mikil heimilisprýði og er kveikt upp í honum nánast daglega.



Sjöfn Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

María Gomez er mikill fagurkeri og á einstaklega fallegt og fagað heimili. Hún hefur ávallt elskað að elda og hafa fallegt í kringum sig.

María á og rekur vefsíðuna paz.is og á instagram @paz.is sýnir hún innblásnar heimilishugmyndir og gefur einfaldar en jafnframt góðar uppskriftir. Á miðlunum sínum fær hún útrás fyrir allt það sem henni þykir gaman að gera.

María og Ragnar Már, eiginmaður hennar, hafa undanfarið staðið í framkvæmdum og útkoman er hin glæsilegasta.

„Þegar við keyptum húsið fórum við í allsherjar framkvæmdir og vorum með vissu lúkk í huga. Ég hef alltaf elskað rómantískan stíl eins og loftlista, þykka gólfista, franskur hurðir og þess háttar, og hef haft þann stíl síðan ég man eftir mér. Planið var að setja upp lista í þessu húsi, og vorum við búin að kaupa allt til verksins fyrir framkvæmdirnar, en við komumst þó ekki lengra en að setja upp loft- og gólfista ásamt franskri hurð. Planið var líka að setja upp lista á veggina en þeir listar enduðu heilengi úti í bílskúr. Það var svo ekki fyrr en nú, einu og hálfu ári seinna, að við hentum þeim loksins upp og breytti það algjörlega heildarmynd og stemningu hússins,“ segir María sem er alsæl með að nú sé loksins farið að sjá fyrir endann á framkvæmdunum.

„Ég er alsæl með útkomuna, er loksins búin að skapa draumastofuna og nú erum við að vinna í restinni af húsinu. Margir eru forvitnir að vita hvernig við gerðum þetta en við keyptum listana í Bauhaus og svo má sjá á Instagraminu mínu @paz.is hvernig við fórum að.“

Fylgir ekki tiskubólum

Þegar María er spurð hvernig hún myndi lýsa heimilisstílnum er því fljótswarad.

„Bjartur, en í senn hlýr, lágstemmdur og notalegur.“

Hvað finnst þér gera heimili að heimili?

„Þegar maður gerir það sem manni þykir sjálfum fallegt, en fylgir ekki tiskubólum sem eru í

Eames House Bird frá ömmu í uppáhaldi



Stofan er hlý og falleg í ljósum litum.



Hlýja og huggulegheit í fyrirrúmi.

María Gomez er landsmönnum að góðu kunn fyrir dýrindis eldamennsku og ómótstæðilegan heimilistíl.

MYNDIR/ADSENDAR

”Ég hef alltaf verið mikið fyrir hvítt og jarðlitaða, ljósa tóna og við.

gangi. Heimilið er gríðastaður þar sem allir fá að njóta. Fegurð og þægindi í senn.“

Hvar slær hjarta heimilisins?

„Klárlega í eldhúsinu. Ég elska þegar fólk situr við eldhúseyjuna og spjallar við mig þegar ég stússast í eldhúsinu.“

Þegar kemur að efnisvali og litum, hvað heillar þig mest?

„Ég hef alltaf verið mikið fyrir hvítt og jarðlitaða ljósa tóna, sem og við. Þúdar, kósi teppi og mottur eru eitthvað sem ég stenst sjaldan.“

Þegar þú velur borðbúnað og aðra hluti sem prýða heimilið, er eitthvað sem heillar þig meira en annað?

„Falleg form og eigulegir tímalausir hlutir sem geta fylgt manni án þess að maður fái leið á þeim.“

Áttu uppáhaldshluti sem eiga sér sögu?

„Sögulegustu hlutirnir á heimilinu eru klárlega húsgögnin inni hjá Ölbu. Þau keypti ég notuð og aldargömul á Bland. Ég ákvað að lakka þau og gefa nýtt útlit sem heppnaðist svona glimrandi vel. Svo á ég nokkra hluti sem mér hafa verið gefnir í afmælisgjafir og þykir vænt um, en fuglinn Eames House Bird frá ömmu minni sem er nú látin er það sem stendur upp úr.“

María er mjög hrifin af lifandi plöntum og með töluvert af þeim inni á heimilinu.

„Mér finnst þær gera svo mikið fyrir heildarrýmið og virka nánast eins og húsgagn. Ég veit fátt skemmtilegra en að kíkja í Garðheima til að skoða og kaupa plöntur.“

Í mars verður innlit til Maríu í þættinum Matur og heimili á Hringbraut þar sem gefin verður innsýn í breytingarnar og heimilistíl fjölskyldunnar. ■

”Eames House Bird frá ömmu minni sem er nú látin er það sem stendur upp úr.

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | ÁBYRGÐ

Höfum opnað á Selfossi

komdu og skoðaðu úrvalið í glæsilegum sýningarsal okkar

www.tengi.is

Kópavogur – Smiðjuvegur 76
Akureyri – Baldursnes 6a
Selfoss – Austurvegur 69

© 414 1000
© 414 1050
© 414 1040



Séð inn í fallegt eldhúsið hjá Maríu.



Heimili Maríu er fagurt og notalegt.



Hér stendur hann tignarlegur og fagur, Eames House Bird frá ömmu.



Rómantísk húsgögn sem María gerði upp og málaði handa dóttur sinni.



Undirfatadagar í Curvy
20% afsláttur
 Af öllum undirfötum
 dagana 14-20 febrúar

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
 eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

FRÍ HEIMSENDING
 EF ÞÚ VERSLAR YFIR
 5.000 KR



Queen Bae
 Brjóstahaldari
7.992 kr
 9.990 kr



Frammsmelltur-
 Brjóstahaldari
7.992 kr
 9.990 kr



Íþróttahaldari
7.192 kr
 8.990 kr



Pour moi
 Brjóstahaldari
6.392 kr
 7.990 kr



Sexy náttkjóll
 frá Zizzi
6.392 kr
 7.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Kolbrún María nýtur sín í nýju íbúðinni. Hún er listræn og skapandi og heklaði vestið sem hún klæðist hér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hlýlegur og persónulegur heimilisstíll



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Unga parið Kolbrún María Másdóttir og Arnór Björnsson keypti sér fallega og vel skipulagða íbúð í splunkunýju fjölbýlishúsi í Hlíðinni, nýja hverfinu við Valsheimilið, og hafa gert hana að sinni með alúð og ást.

Undurfallegir tónar tóku á móti okkur þegar við heimsóttum Kolbrúna. Á fóninum var platan A Song For You með The Carpenters, sem passar ákaflega vel við húsfreyjuna og umhverfið. Kolbrún hefur mikla útgeislun og einlæga framkomu sem laðar að en hún hefur vakið verðskuldaða athygli í Krakkafréttum RÚV.

Kolbrún og Arnór fluttu inn í október 2021. Hún er 21 árs og hann 23 ára leiklistarnemi. „Við höfum búið hérna í fjóra mánuði og erum alsæl,“ segir Kolbrún með sitt geislandi bros.

Sófinn er hjarta heimilisins

Það heillaði parið hvað íbúðin er vel staðsett og miðsvæðis.

„Okkur þótti líka háu gluggarnir æði, og svo er algjör lúxus að eignast glænýja íbúð en frágangur á henni var til fyrirmyndar,“ segir Kolbrún. Þau sáu fljótt fyrir sér hvernig skipulagið ætti að vera.

„Við áttum nokkur húsöggn áður en við fluttum inn þannig að við gátum séð fyrir okkur og mælt með málbandi hvar þau myndu passa best. Við lögðum smellu-

parket sjálf og af því ég elska að púsla fannst mér það sjúklega gaman. Nú þegar ég labba um gólfinn er ég stolt af því að hafa náð að leggja parket.“

Beðin um að lýsa stílnum heima svarar Kolbrún:

„Hann er örugglega kósí og skandinavískur, en líka blandaður því við Arnór erum með ólíkan smekk. Ég er meira fyrir gamla stílinn og Góða hirðinn en Arnór meira fyrir nýstárlegri stíl.“

Hvar slær hjarta heimilisins?

„Ég held að það sé í sófanum.“

Við lentum í einangrun í janúar og þá fór mikill tími í að horfa á alls konar þáttaseriur sem við höfðum ekki séð áður. Við mælum með Succession.

Ég elska líka að lesa og hekla og get dundað mér við það tímum saman í sófanum.“

Græni liturinn heillaði

Hvað heillar þig mest þegar kemur að efnisvali og litum heima fyrir?

„Ég held ég elski grænan mest, eins og má sjá á veggjum og plöntum hér í kring. Okkur fannst líka mikilvægt að velja muni sem eru ekki allir eins á litinn, heldur vera með fjölbreytta litapallettu.“

Þegar kom að efnisvali og litum ákváðu þau að vera með skemmtilega kontrasta og hlýleika.

„Við ákváðum að hafa einn „accent“ vegg og mála hann grænan. Við fengum hugmyndina eftir að hafa skrollað í gegnum



Hillan í stofunni er skemmtileg og gefur tækifæri til að skreyta með ýmsum hætti og breyta uppröðuninni. Hillan og eyjan eru keypt í Rúmfatalagnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Pinterest og reyndum að finna svipaðan grænan lit í málningarbúðum. Þennan, N4448, fundum við á litakorti frá Slippfélaginu og okkur finnst hann fullkominn.“

Kolbrún er hrifin af hlutum sem hafa tilfinningalegt gildi.

„Við elskum plötuhornið, þar getur maður setið og valið vínplötu til að spila. Stóllinn er eldgamall, amma mín keypti



Plötuhornið er í miklu uppáhaldi á heimilinu og eru vínplötur óspart spilaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kaffivélin frá Sjöstrand er sá hlutur í eldhúsinu sem Kolbrúna Maríu þykir ómissandi, enda mikill kaffiunnandi.

Filastyttan hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir Kolbrúna Maríu en amma hennar safnaði filum og fékk hún filinn eftir að amma hennar lést.

lést árið 2015 og mér er mjög annt um filinn, því hann minnir mig á hana.“

Hvað er ómissandi í eldhúsinu?

„Við erum mjög miklir kaffiunnendur þannig að við erum sjúklega ánægð með Sjöstrandkaffivélina sem við fengum í innflutningsgjöf. Svo held ég mikið upp á pitsuskerann sem litur út eins og lítið hjól.“ ■

Léttu lifrinni lífið

- Lifrin er allt í senn; vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð því allt sem við látum í okkur eða á, fer í vinnsluferli í lifrinni.
- Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfsemi.
- Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.
- Active Liver eflir lifrarstarfsemina, stuðlar að eðlilegum efnaskiptum og heilbrigðri meltingu.



Active Liver™
Liverfunction
Milk thistle, artichoke, turmeric, and choline
Dietary supplements • 30 tabletter
MANUFACTURED IN SWEDEN
JUST ONE TABLET PER DAY
Choline helps maintain normal hepatic function and fat metabolism
natural herbal ingredients

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



Margverðlaunaðar þýskar innréttingar



INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga.

innlifun.is

Georg Halldórsson, yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Tides á hótelinu The Reykjavík Editon, hefur mikla ástriðu fyrir matargerð.

sjofn@frettabladid.is

Georg býr á Seltjarnarnesi með konu sinni Snæðisi og börnum þeirra Elmu og Hirti. Hann vinnur náið með Gunnari Karli á Dilli, er ráðgjafi fyrir Tides og hefur unnið að því verkefni frá byrjun.

„Þegar Gunnar Karl nágaðist mig varðandi þetta verkefni var ég yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Óx, sem er falinn ellefu sæta veitingastaður á Laugaveginum. Frá því ég hóf störf sem matreiðslumaður hef ég aðallega einbeitt mér að því að verða betri handverksmaður en lítið spáð í rekstri og mannaforráðum. Ég hafði náð markmiðum mínum á Óx, staðurinn fékk meðal annars viðurkenningar frá White Guide og Michelin Guide, svo mér fannst tilvalið að fá nýja áskorun,“ segir Georg.

Edition er hugarústur Ians Schragar sem á áttunda áratugnum stofnaði hinn godsagnakennda skemmtistað Studio 54 í New York. Hann er af mörgum talinn guðfaðir „boutique-hótelanna“ og er mikill hugsjónamaður, langt á undan sinni samtið.

„Það sem greip mig við Edition var að þetta nýja og frumlega konsept; eitthvað sem ég hefði aldrei heyrt um áður. Hér er hugsað fyrir öllu, allt frá hljóði og lýsingu til lyktarinnar sem tekur á móti gestum þegar þeir labba inn.



Georg Arnar Halldórsson er yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Tides á Edition-hótelinu við Reykjavíkurbæ. Höfn.

vera er meistari minn og einn þeirra sem hafa haft mikil áhrif á mig sem matreiðslumann. Hann kynnti ítalska matarmenningu fyrir mér og það sem heillar mig við ítalskan mat er ferskleikinn, einfaldleikinn og virðingin fyrir nærumhverfinu, hráefni og hefðum.“

Georg deilir með lesendum einu uppáhalds sælkerasalatí sínu.

Romainsalat með ristudu súrdeigsbrauði, valhnetum, gráðosti og fikjum fyrir 4

1 haus romainsalat
3 sneiðar súrdeigsbrauð (best er að nota 1-2 daga gamalt brauð)
½ hvítlauksgeiri rifinn
20 g cider-edik
10 g hunang
50 g gráðaostur
10 g rjómi
Sjávarsalt
Svartur pipar
Góð extra virgin ólífuolíu
1 dl valhnetur

Forhitid ofninn í 160°C. Rífið súrdeigsbrauðið í sirka 1 cm bita og veltið upp úr ólífuolíu, hvítlauk og kryddið með salti og pipar. Ristið brauðið í ofninum í 15 mínútur. Kælið svo. Hrærið saman 50 g af gráðaosti og 10 g af rjóma. Skerið fikjurnar í báta. Hrærið saman cider-ediki, hunangi og 20 g af ólífuolíu, kryddið með salti.

Rífið salatid gröflega niður og leggið á disk. Bætið síðan gráðosti, fikjum, ristaða súrdeigsbrauðinu og valhnetunum ofan á. Dreypið edik-dressingunni yfir. ■

Varð ástfanginn af faginu



Ómótstæðilega girnilegt salat, toppað með ristudu súrdeigsbrauði, gráðaosti og fikjum sem enginn sælkeri stenst.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Starfsfólkið sem hér vinnur er það besta í sínu fagi og allt er þetta gert til að veita gestum ógleymanlega upplifun. Ofan á það er hótelið aðgengilegt öllum og mikið lagt

upp úr því að verðin séu góð,“ upplýsir Georg.

Hvenær kviknaði áhugi þinn á matargerð og er saga bak við það?
„Í 7. bekk fór ég að vinna á

pitsastaðnum Pizzabæ í Mosfellsbæ og áttaði mig fljótt á að vinnuumhverfið átti mjög vel við mig. Á unglingsárunum fékk ég líka mikinn áhuga á myndlist, arkitektúr og tónlist. Ég fór í myndlistarskóla og spilaði í hljómsveitum en var á sama tíma alltaf að vinna aukavinnu á veitingastöðum. Hægt og rólega komst ég að því að matreiðsla er ekkert annað en listgrein. Ég gat fengið útrás fyrir sköpunargleðina og hlustað á tónlist á meðan ég eldaði og með árunum varð ég ástfanginn af faginu.“

Finnst þér ein matargerð meira heillandi en önnur?

„Leifur Kolbeinsson á La Prima-



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Sigurlaug



Gvendarlaug



Grettislaug



Geirslaug



Unnarlaug



Snorrulaug

NORMX

Íslensk framleiðsla í 40 ár!

Eigum til úrval auka og fylgihluta fyrir pottinn og pottaferðina.

Fljótandi "hengirúm" háfa, bursta, hitamæla, klór og margt fleira. Skoðið úrvalið á normx.is

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Óskvöldagur

42491/92
Drottningarkjöll
Kóróna fylgir.
Stærð. 120 og
140 cm

63168
**Sproti með
ljósi og hljóði**
Rafhlöður fylgja
með sprotanum.
2.499

42502
Lítill ævintýrakjöll
Hárband fylgir
með kjólnum.
Stærð. 104 cm.

42612
Lítill ninja
Peysa, buxur,
belti og hetta
fylgja.

42460/61/62/63
Rauð Ninja
Peysa, buxur, hetta
og gríma fylgja.
Stærð. 120, 140
og 160 cm

42373
Konungskóróna

699

499

42374
Prinsessukóróna

FRJÁLST VAL
ALLIR BÚNINGAR Á SÍÐUNNI
3.999
FRÁBÆRT VERÐ



Verðin gilda til og með
2. mars 2022, eða svo
lengi sem birgðir endast.



KiDs
COOLSHOP

Smáratorg: 550-0800
Mán - Fös 10-19
Lau 10-18
Sun 12-18

Glerártorg: 461-4500
Mán - Fös 10-18
Lau 10-17
Sun 13-17



Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander PHEV Instyle+ Tíglamynstruð leður á sætum. Glertopppluga. 18" álfelgur. Flottasta tyfa. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. 4 lítr á staðnum. Fáir bílar eftir á þessu verði. Verð 6.390.000

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@sinnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNARMÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSLAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsiðmar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Hjól og hjólparkæki, sala og leiga

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Auglýsing um skipulag

Í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Aðalskipulagsbreyting Húsafelli í Borgarbyggð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 10. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi í Húsafelli í Borgarbyggð.

Sett er fram stefna um verslun og þjónustu á 5,3ha svæði í landi Húsafells 1 og Bæjargils. Ástæða breytingar er fyrirhugaður gisti- og veitingarekstur, safn og safnasvæði, vinnustofa, menningartengd ferðaþjónusta og starfsemi tengd listum. Aðkoma er um hérðasveg (5199).

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Deiliskipulag Jötnagarðsás í Munaðarnesi

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 10. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi frístundabyggðar Jötnagarðsás 9, 11 og 30-40 í landi Munaðarness í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið tekur til 8,75 ha svæðis með 13 frístundalöðum. Aðkoma að löðum er um Jötnagarðsás sem tengist Þjóðvegi 1. Eldra skipulag frá árinu 1989 mun falla úr gildi. Tillagan samræmist Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 21. febrúar til og með 6. apríl 2022. Ef óskað er eftir nánari kynningu á ofangreindum tillögum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýstar skipulagstillögur og er frestur til að skila inn athugasemdum til 6. apríl 2022. Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Bjarnabraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is eða thjonustuver@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 18. febrúar 2022
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.



BORGARBYGGÐ

www.borgarbyggd.is

DOMUSNOVA Fasteignasala

Hlíðasmára 4 • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

DOMUSNOVA KYNNIR TIL LEIGU ALLT AÐ 2400 FM.

Í byggingu er glæsilegt iðnaðarhúsnæði á áberandi stað í Hafnarfirði

- 11 metra lofthæð
- Góðar innkeyrsluhurðir ásamt gámalosunar hurðum
- Nýtt hillukerfi í sal getur fylgt með í leigu
- Innréttað í samráði við leigutaka
- Sprinkler kerfi í sal
- Niðurföll í gólfum
- Óliugildra
- Vandaður verktaki
- Langtímaleigusamningur í boði
- Sambærilegt hús á næstu lóð við hliðina sem þegar hefur verið leigt út.



RÚMLEGA
11 METRA
LOFTHÆÐ

Afhendist til leigu fullfrágengið í júní 2023 með hillukerfi í samráði við leigutaka.

Nánari upplýsingar veitir:
Agnar Agnarsson löggiltur fasteignasali / s.8201002 / agnar@domusnova.is

www.domusnova.is



ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ FÖSTUDAGA KL. 21.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótnum.



HRINGBRAUT

Longboard

Nýtt

HARÐ PARKET



Longboard
2 metra löng borð
extra breið
10 mm

Kynningarverð
kr. **4.190.-**
pr./m²

 **Tarkett**

Parket á mynd: Longboard Saverne Oak




Opið mánud. - fimmtud. frá 08:00-18:00 /
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

 **ALFABORG**
- allt a gólfíð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Veðurspá Föstudagur



Fremur hæg aust-læg átt og skýjað með köflum í dag, en dálítill el við sjávarsíðuna N- og A-til. Austan 8-15 m/s SV-til um kvöldið og stöku el við ströndina. Frost 2 til 12 stig, kaldast inn til landsins. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 niðra
- 2 viðbót
- 6 íþróttafélag
- 8 rakna
- 10 átt
- 11 grátur
- 12 bónbjargir
- 13 kríki
- 15 sárar
- 17 stigi

LÓÐRÉTT

- 1 úrtölur
- 2 fé
- 3 sjáðu
- 4 gagn
- 7 óáran
- 9 hringsóla
- 12 brestir
- 14 tímabils
- 16 sting

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 lasta, 5 auk, 6 fh, 8 trosna, 10 na, 11 vol, 12 beti, 13 nárl, 15 gramar, 17 skali.
LÓÐRÉTT: 1 latning, 2 aura, 3 sko, 4 afnot, 7 hallæri, 9 sveima, 12 þrak, 14 árs, 16 al.

Austlendingurinn Sverrir Gestsson átti leik í skák í á netinu!

1. Dxf5! Hxd6?? (1...Dxd6!) 2. Dxd7! 1-0. Hjörvar Steinn Grétarsson er efstur með fullt hús á Skákkþingi Reykjavíkur að lokinni sjöundu umferð. Davíð Kjartansson er annar með 5½ vinning. Lenka Ptácníková og Benedikt Briem eru í 3.-4. sæti með 5 vinninga. Mótinu lýkur um helgina.

www.skak.is: Tefit í Serbíu. ■

Sudoku

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

	4			6			2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1			6
8		3		6	4			
6					9			5
		8					1	
	7				5			3

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Öflugur & náttúrulegur flensubani

- Inniheldur hreint engifer & c-vítamín
- Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS
C-vítamín & engifer
C-500 mg. Náttúrulegur flensubani
60 HYKJÓ | FÆÐUBÓTAREFNI

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Þetta er ekki einkamál

Diljá Ámundadóttir hefur í starfi sínu sem varaborgarfulltrúi Viðreisnar látið til sín taka í því sem oft er kallað mjúku málin en sjálf segir hún þau vera þessi hörðu. Áhrif áfalla í æsku eru henni hugleikin en sjálf hefur hún öðlast nýja sýn á sjálfa sig og æskuárin, sem einkenndust af vanrækslu og öryggisleysi, með því að skoða áföll formæðra sinna og áhrif þeirra.



Fólk notaði mig sem striga fyrir hræðilegar sögur sínar

Natascha Kampusch var tíu ára gömul þegar Wolfgang Přiklopil rændi henni snemma morguns 2. mars 1998. Átta og hálfu ári síðar flúði hún loks heimili hans en á meðan hann hélt henni beitti hann hana ofbeldi nær daglega og svelt hana. Natascha er í einkaviðtali við Fréttablaðið í tilefni af nýjum heimildarpáttum á Viaplay sem varpa ljósi á mikla pólandaskömm og mikla gerendameðvirkni sem Natascha upplifði eftir flóttann.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi.




Lyfjaval Apótek

Bílaapótekið Hæðasmára

Vertu bara í hlýjunni Afgreiðsla beint í bílinn

Öruggt, fljótlegt og afar þægilegt
- sjö lúgur

Heimaprófin fyrir Covid-19 fást hjá okkur



Bílaapótekið Hæðasmára **Opið 10 – 23 alla daga**

Þú finnur apótek Lyfjaval í Mjódd, bílaapótek Hæðasmára og í Apóteki Suðurnesja

Lyfjaval Mjódd

Opið virka daga 08.45 – 18.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

Lyfjaval Hæðasmára Bílaapótek

Opið alla daga 10.00 – 23.00

Apótek Suðurnesja

Opið virka daga 09.00 – 19.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

Við tökum forskot á sæluna

698

kr./2 stk.



Rjórabollur

Því miður ekki til sölu á Vestmannaeyjum,
Stykkishólmi, Ísafirði og á Egilsstöðum
þessa helgi.

BÓNUS



5.998

kr./kg

Hægmeyrnað ungnautaribeye



579

kr./pk.

Bernaissósa
300 ml



479

kr./pk.

McCain steikarfranskar
650 g



598

kr./pk.

Jarðarber
400 g



798

kr./pk.

Egils kristall
Sítrónu
10 dósir



459

kr./pk.

Bónus súrdeigs pizzadeig
300 g



1.759

kr./pk.

Bónus súpá
Saltkjöt og baunir
1 kg



1.298

kr./kg



K.S. frosið lambalæri



298

kr./pk.

Merrild special
400 gr



Kaffi tilbod



Kaka að eigin vali og kaffi/te/kakó 1.290 KR

KI 14-17:00

Gildir út febrúar 2022




HÁDEGIS



Val á milli tveggja rétta í hádeginu

2.190 KR

KI 11:30-14:00



2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIDSTÖÐ | rif.is

DAGSKRÁ

18. febrúar 2022 FÖSTUDAGUR

Föstudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Íþróttavikan með Benna Bó
20.00 Bióbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)

RÚV Sjónvarp

- 07.35 ÓL 2022 Keppni í hálfpipu kvenna í skíðafimi. Endursýning.
08.50 ÓL 2022 Bein útsending frá keppni í 15 km hópstarti karla í skíðaskotfimi.
09.50 Ólympiukvöld
10.25 ÓL 2022 Bein útsending frá parakeppni á listskautum.
13.45 ÓL 2022 ROC - Svipjóð Bein útsending frá undanúrslitum karla í ishokki.
15.45 ÓL 2022 Keppni í skíðaati karla. Endursýning.
16.40 ÓL 2022. Keppni í 15 km hópstarti karla í skíðaskotfimi. Endursýning.
17.35 Kastljós
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Sögur af apakóngi
18.25 Maturinn minn
18.35 Húllumhæ
18.50 Lag dagsins Björgvin Halldórsson og Erna Gunnarsdóttir - Lífsdansinn.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kastljós
20.05 Gettu betur Í þessum þætti mætast lið Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans í Reykjavík.
21.15 Kanarí Grínsketsþættir Þar sem samskipti, íslensk menning, samfélagsmiðlar og allt sem er mannlegt er skoðað í kómísku ljósi. Handrit, aðalhlutverk og leikstjórn er í höndum Kanarí-hópsins, sem samanstendur af nýrri kynslóð grínista sem hafa gert það gott með leiksýningu og sjónvarpssketsum síðustu misseri.
21.40 Vikan með Gísla Marteini Gíslu Marteini tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna.
22.35 Endeavour Endeavour
00.05 Lítill þúfa - Lover Rock Small Axe. Lover Rock Ástarsaga um elskendur sem hittast í reggipartíi í Vestur-London árið 1980. Aðalhlutverk: Micheal Ward og Amarah-Jae St. Aubyn.
01.25 ÓL 2022. Bein útsending frá keppni í hálfpipu karla í skíðafimi.
02.50 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 07.00 Hero Indian Open Bein útsending frá Hero Indian Open.
12.00 PGA Tour. The Cut 2022
12.20 AT&T Pebble Beach Pro-Am
17.50 Drive On Championship
21.00 The Genesis Invitational Bein útsending frá The Genesis Invitational.
01.00 Qatar Masters Hápunktarnir frá Evrópumótaröðinni.

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Bachelorette
15.20 mixed-ish
15.45 Survivor
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Carol's Second Act
19.40 Black-ish
20.10 The Bachelor
21.40 10 Cloverfield Lane Þegar Michelle rankar við sér eftir að hafa misst meðvitund í bílslysi er hún stödd í neðanjarðarbyrgi þar sem tveir menn, Howard og Emmet, segja henni að það sé ekki lengur óhætt að fara út vegna banvænnar loftmengunar. En eru þeir að segja satt?
23.25 The Dressmaker Myndin gerist í smábænum Dunga í Ástralíu á sjötta áratug síðustu aldar.
01.20 Jack Reacher. Never Go Back Jack Reacher snýr aftur til gömlu höfuðstöðvanna, og kemst að því þar að hann er sakaður um 16 ára gamalt morð.
03.15 Tónlist

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegis Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegis
13.00 Dánarfregni
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Glans HLUSTUN. tónlist II
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Vinill vikunnar
17.00 Fréttir
17.03 Endastöðin
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Flugur Bergþóra Árnadóttir
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Lestur Passíusálma (4 af 50)
22.20 Óskastundin
23.05 Endastöðin

Stöð 2 Bíó

- 10.45 Curious George. Go West, Go Wild
12.05 End of Sentence
13.40 Little Women
15.50 Curious George. Go West, Go Wild
17.15 End of Sentence
18.45 Little Women
21.00 Cocktail
22.45 Birds of Prey
00.30 The Outpost
02.25 Cocktail

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
08.15 The O.C.
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Mr. Mayor Ted Danson og Holly Hunter fara með aðalhlutverk í þessum splunkunýju og bráðskemmtilegu gamanþáttum.
09.45 Masterchef USA
10.25 Making It
11.05 Years and Years Með liðandi tíma og miklum framförum í tækni og þróun er Bretland að breytast í einræðisríki.
12.05 Framkoma
12.35 Nágrannar
12.55 Nei hættu nú alveg
13.35 Ég og 70 mínútur
14.05 BBQ kóngurinn
14.25 Grand Designs. Australia
15.15 The Bold Type
15.55 Real Time With Bill Maher
16.50 Shark Tank
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkin
18.55 Glaumbær
19.25 The Devil Wears Prada
21.15 Basic Instinct Fyrirverandi rokkstjarnan Johnny Boz er myrt með hrottafengnum hætti og Nick Curran fær málið í sínar hendur.
23.20 Fighting With My Family
01.05 The Goldfinch Dramatísk mynd frá 2019. Vel stæð fjölskylda í New York tekur að sér 13 ára gamlan dreng, Theo Decker, eftir að móðir hans lætur lífið í hryðjuverkaárás í Metropolitan-safninu.
03.25 The O.C.
04.10 Mr. Mayor
04.30 Making It

Stöð 2 Sport

- 07.10 Tilþriffin
07.55 Subway Körfuboltakvöld
08.50 ÍR - Valur Útsending frá leik í Subway deild karla.
10.35 Stjarnan - KR
12.15 Tilþriffin
13.00 Subway Körfuboltakvöld
13.55 ÍR - Valur
15.35 Stjarnan - KR
17.15 Tilþriffin
18.05 Þór Þ. - Breiðablik Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
20.00 Njarðvík - Grindavík Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
22.00 Subway Körfuboltakvöld
23.20 Þór Þ. - Breiðablik
01.00 Subway Körfuboltakvöld

Stöð 2 Sport 2

- 07.35 Fenerbahce - Slavia Prag
09.15 Leicester - Randers
10.55 Dortmund - Rangers
12.35 Porto - Lazio
14.15 Celtic - Bodö/Glimt
15.55 Ítölsku mörkin
16.20 Football League Show
16.45 NFL Gameday Hápunktarnir í NFL deildinni.
17.20 Valencia - UCAM Murcia Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum spænsku bikarkeppinnar í körfubolta, Copa del Rey.
19.20 The Fifth Quarter
19.40 Bournemouth - Nottingham Forest Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
21.40 Inside Serie A
22.25 Celtics - Hawks
00.20 Rió Breogán - Valencia Basket
02.00 Juventus - Torino



Konudagur á frettabladid.is

Skráðu þína
eftirlætis konu til leiks á
frettabladid.is/konudagur

Glaesilegir
vinningar í boði!

Drögum út
á mánudag,
21. febrúar



Hydraflot



B BETA
NORDIC VITAMIN



REYKJAVÍKUR
BLÓM



H-BERG



HLAUPÁR



NESPRESSO



Hnoss
restaurant & bar



belladonna



ChitoCare
beauty



LOSTI



NIVEA

frettabladid.is



Það hefur verið erfitt að nota rafskútur í borginni. MYND/ADSEND

Hoppað á skútum yfir snjóskaflana

odduaevar@frettabladid.is

Sæunn Ósk Unnsteynsdóttir, framkvæmdastjóri Hopps, segir ótrúlega snjókomu á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga skemmtilega áskorun fyrir fyrirtækið frekar en martröð.

„Þetta er fyrsta skiptið sem Hopp lendir í svona miklum snjó,“ segir Sæunn en eins og flestir vita hefur snjónum svoléiðis kyngt niður í Reykjavík svo eftir hefur verið tekið. „Við erum á hverjum degi með stórar vaktir sem keyra um borgina að bjarga skútnum og erum að einbeita okkur að því að fletja þær að upphituum stöttum og miðborginni,“ segir Sæunn. Hún segir hjólin enn mjög mikið notuð, þvert á það sem flestir kannski halda.

„Við erum samgöngufyrirtæki og fólk er búið að velja rafskúturnar sem fararmáta og getum ekki skellt í lás og þjónustum notendur okkar,“ segir Steinunn, sem viðurkennir að það hafi verið mikið að gera síðustu daga.

„Það sem við erum fyrst og fremst að gera er að reyna að taka skúturnar úr farvegi snjóruðningstækjanna. Það gagnast Hopp ekki neitt að vera með óruddan stig og við viljum ekki að stigar séu ekki ruddir vegna rafskútna, enda hafa snjóruðningstækin leyfi til að ryða hjólinum.“

Sæunn segir að ruðningurinn hafi tekið sinn toll af fararskjótum Hopps. „Það eru tugir afskemmdum skútum en það er ákveðinn fórnarkostnaður því að notendurnir vilja skúturnar og við viljum sinna notendunum okkar og þetta snýst um þjónustu.“

Hopp er með átta manneskjur á vakt á hverjum sólarhring að sinna hjólinum úti auk starfsfólks á verkstæði. „Naglarinn gera mikið og fólk fer á þessu út um allt, en maður skilur að sumir séu ragari við að nota hjólin núna.“ ■

Móðurhlutverk í ólíkum myndum

Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir fer með hlutverk í tveimur nýjum íslenskum bíómyndum í fullri lengd, *Berdreymi*, sem frumsýnd er á Íslandi í apríl, og í kvikmyndinni *Harmi* sem frumsýnd er í dag.

ninarichter@frettabladid.is

Margir kannast við Ísgerði Elvu Gunnarsdóttur af skjánum. Hún var annar stjórnanda Krakkafrétta á RÚV um árabíl, samhliða leikferlinum. Þá hefur hún gegnt stöðu verkefnastjóra samfélagsmiðla á RÚV. Núna hefur hún þó dembt sér alfarið í leiklistina og leikur hlutverk í tveimur nýjum bíómyndum. Athygli vekur að bæði hlutverk eru um margt sambærileg þó að þau séu ekki eins. Í báðum tilfellum er um að ræða mæður sem eru illa staddir vegna neyslu.

Lukkulegri í lífinu en bíó

„Ég er aðeins lukkulegri sem mamma í lífinu en í bíó,“ segir Ísgerður, sem eignaðist soninn Birgi Galdur fyrir sjö mánuðum síðan. Hún segir að það sé þó meiri áskorun að takast á við aðstæður sem eru fjarri hennar raunverulega lífi.

„Þessar persónur eru í mjög ólíkum aðstæðum, en þær eru báðar í neyslu og eiga báðar börn sem þær eru ekki að sinna nógu vel af einhverjum ástæðum. En þær eru mjög ólíkar, og myndirnar rosalega ólíkar. Samt eru þarna sameiginlegir fletir,“ útskýrir Ísgerður.

Hún var enn að vinna í Krakkafréttum meðan á tókum stöð og segist hafa verið öfganna á milli þegar kom að fördun og búningum. „Ég var að skiptast á að fara á sett fyrir *Berdreymi* og í Krakkafréttir. Þarna fór ég í smink á einum stað til að gera mig sæta, og á öðrum stað til að gera mig sjúkaða. Þetta voru fjölbreyttar vikur,“ segir Ísgerður og hlær.

Ekki fordómar heldur samkennd

„En maður þarf svolítið að ímynda sér hvernig þetta er. Ég hef unnið mikið með unglíngum og maður hefur þannig verið í ábyrgðarhlutverki gagnvart þeim, en á annan hátt. En þetta kemur til mín, einhvern veginn.“ Hún segist finna mikla samkennd með persónunum sem hún leikur og segist aðspurð ekki hafa fundið fyrir fordómum hjá sjálfri sér þegar hún tókst á við



Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir leikkona tekst á við móðurhlutverkið í eigin lífi sem og á hvíta tjaldinu. FRÉTTABLADIÐ/VALLI

hlutverk mæðra með fíknivanda. „Það er einhver ástæða fyrir því að þetta gerist. Aðstæðurnar sem þær eru í eru þannig að þarna eru hlutir sem er erfitt að dila við. Fólk kemur sér í aðstæður sem það ratar ekki sjálfút úr,“ segir Ísgerður. „Ég held að það sé líka lykillinn. Að ef þú ert að dæma fólk þú ert að leika, þá áttu ekki að leika það.“

Las sögur mæðra af götunni

Tökurnar á *Berdreymi* og *Harmi* fóru fram síðla árs 2020 og um

svipað leyti varð Ísgerður ólétt með aðstoð glasafrjóvgunar. „Ég fór úr uppsetningunni beint í tök á *Berdreymi*. Svo var ég komin mánuð á leið þegar við vorum að taka upp *Harmi*.“

„Ég hef þekkt margt fólk á misjöfnum stöðum í lífinu á alls konar tímabilum, þannig að ég dæmi ekki þessar aðstæður. En mér finnst þetta hrikalega sorglegt,“ segir hún. Ísgerður segist hafa undirbúið sig vel og lesið viðtöl.

„Ég man að það var viðtöl í Frétta-



Þessar persónur eru í mjög ólíkum aðstæðum, en þær eru báðar í neyslu og eiga báðar börn sem þær eru ekki að sinna nógu vel af einhverjum ástæðum.

blaðinu við konur á götunni, viðtal sem kom á svipuðum tíma og ég var að undirbúa mig. Ég man hvað það var falllegt og berskjaldað. Mér fannst þessar konur svo hugrakkar og þær komu í viðtal, en þá í þessari erfiðu stöðu að vera á götunni. Þær lýstu því svo vel að það velur þetta enginn.“

Tvítugir með tvær milljónir

Harmur er einkaframtak ungra kvikmyndagerðarmanna um tvítugt, Halldórs Ólafsonar, Antons Kristensen og Ásgeirs Sigurðssonar, sem eru að stíga sín fyrstu skref í bransanum. Þeir fjármöggnuðu myndina sjálfir og heildarkostnaður framleiðslunnar var um tvær milljónir. „Þetta er svo flott, þeir eru ótrúlega duglegir og hafa komið myndinni á hátíðir erlendis. Þeir leysa hlutina vel og fóru í kringum budgetið, komu með sniðugar lausnir á hlutum sem ég velti fyrir mér hvernig yrðu útfærðar.“

Berdreymi er kvikmynd eftir Guðmund Arnar Guðmundsson sem gerði kvikmyndina *Hjartastein* sem fór fyrir á kvikmyndahátíðum erlendis. Framleiðslan er alþjóðleg en fjórir unglingspiltar eru í aðalhlutverkunum. Auk Ísgerðar fara Ólafur Darri og Aníta Briem með hlutverk í myndinni. Berdreymi var heimsfrumsýnd á Berlinale-hátíðinni í síðustu viku og vann þar til verðlauna í gær. ■

Mandalórinn betri Boba Fett en Boba Fett

DISNEY+

The Book of Boba Fett

Aðalhöfundur: Jon Favreau

Aðalhlutverk: Temuera Morrison, Ming-Na Wen og Jennifer Beals

Oddur Ævar Gunnarsson

Kannski er *The Book of Boba Fett* jafn sérkennileg sjónvarpssería og raun ber vitni vegna þess að væntingarnar voru eiginlega allt of miklar frá upphafi.

Bæði er serían afleiða hinna vinsælu *The Mandalorian*-þátta og titilpersónan hefur verið meðal dularfyllstu og dádustu persóna Stjörnustríðsheimsins allar götur síðan Boba Fett birtist í örfáar mínútur í *The Empire Strikes Back* og *Return of the Jedi*, þar sem hann kollsteyptist heldur klaufalega ofan í alræmdan Sarlacc-pyttinn á Tatooine og var talinn af.

Í fyrsta þætti brýst Boba af aðdá-

unarverðum rammeik upp úr banvænum pyttinum og ljóst verður að sögur af andláti þessa skelfilegasta mannaísláttara stjórnþokunnar hafa verið stórlega ýktar í tæplega fjóra áratugi.

Hefst þá svaðilfyr persónunnar um sandöldur Tatooine, sem ætla mætti að væri eina plánetan í stjörnustríðskorti Disney, og sköllótt þroskasaga þar sem mannaísláttarinn kys af óljósum ástæðum að snúa baki við sérgrein sinni til að leggja undir sig glæpaveldi Jabba heitins the Hutt.

Skrykkjótt framvinda sögunnar leiðir fljótt í ljós að slíkt er hægara sagt en gert og hvatir Boba Fettes eru óljósar. Aðallega vegna þess að hann sleppur of billega úr Sarlaccnum til þess að réttlæta aðra eins persónuleikabreytingu.

Í ljósi vigtar Boba Fettes í *Star Wars*-heiminum hafa líklega flestir orðið fyrir vonbrigðum með að fá ekki að sjá átakanlegri og meira



Kaflarnir í Bók Boba Fettes eru misáhugaverðir og aðalpersónan er fjarri göðu gamni í þeim bestu.

MYND/DISNEY

sannfærandi upprisú Boba frá dauðum en skyndilausnina sem kristallar meginvanda upphafsþáttanna þar sem lítið virðist vera í húfi og framvinda sögunnar er hæg og á köflum hreinlega óspennandi.

Þessi galli er svo áberandi að það er eins og að handritshöfundarnir hafi áttað sig á takmörkunum persónunnar í fjórða þætti af sjö og því tekið snarpa vinkilbeygju með því

að skófla Boba hreinlega til hliðar í fimmta þætti. Þá stígur Mandalórinn, úr sínum eigin þætti, inn í atburðarásina og stelur senunni. Ansi kaldhæðnislegt að persónan sem haslaði sér völl í krafti herklæða og vinsælda Boba Fettes reynist hér í raun betri og mun áhugaverðari Boba Fett heldur en sjálfur Boba Fett.

Enda háir það Boba Fett að per-

sónan hefur alltaf verið fámál og þannig sveipuð dulúð. Þegar Boba Fett hins vegar gerist fyrirvaralaust göfugur og allt of ræðinn gufa persónutöfrarnir upp og sterk rök má færa fyrir því að grunn persónusköpunin dragi helst söguþráðinn og þar með þáttaröðina niður.

Strax þegar Mandalórinn mætir í þætti fimmta og skjótími Boba Fettes er skorinn niður í 20 sekúndur verður sagan áhugaverðari og spennan eykst sem skilar skemmtilegu lokauppgjöri Boba þegar handritshöfundarnir bjarga sér fyrir horn með öflugum liðsáuka Mandalórans og fleiri óvæntum gestum. ■

NIÐURSTADA: Book of Boba Fett fer ekki nógu vel með sjálfan Boba Fett. Aðrar persónur blómstra hins vegar í seinni hálfleik sem er miklum mun skemmtilegri og keyrir upp eftirvæntinguna eftir frekari ævintýrum Mandalórans.



ERUÐ ÞIÐ TILBÚIN?



Kaka Ársins 2022

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



HEIMA ER BEZT

HEIMA ER BEZT

MÁNUDAGA KL. 19.30
OG AFTUR KL. 21.30

HRINGBRAUT

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Vísindasamfélagið opnað með spennandi fræðafólki

Sjónvarpsþátturinn Vísindin og við hefur göngu sína á Hringbraut á mánudaginn en þar ræða Þóra Katrín Kristinsdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson við fræðafólk í Háskóla Íslands um vísindasamfélagið og mikilvægi viðfangsefna þess.

svavamarin@frettabladid.is

Sjónvarpsþátturinn Vísindin og við kemur nýr á dagskrá Hringbrautar á mánudaginn en Þóra Katrín Kristinsdóttir, efnafraeðingur og sérfræðingur í þróun á mæliadferðum lyfja hjá Coripharma, sér um þáttinn ásamt Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Þáttunum er ætlað, með viðtölum við vísindafólk í fremstu röð og fræðafólk á ýmsum sviðum, að varpa ljósi á þær margvíslegu rannsóknir sem stundaðar eru við Háskóla Íslands.

„Hugmyndin er í raun að opna vísindasamfélagið fyrir fólki þar sem þarna fara fram svo margar stórkostlegar rannsóknir og vinna með aðkomu gríðarlega flotts fólks,“ segir Þóra Katrín og bætir aðspurð við að upphaf þáttanna megi rekja til þess að hún sendi Sigmundi Erni á Hringbraut bréf þess efnis að henni þætti tími til kominn að auka fjölbreytnina á sjónvarpskjánum hjá fólki.

5x36 = vísindin og við

„Þættirnir eru fimm talsins og 36 mínútur hver,“ heldur Þóra Katrín áfram og bætir við að hún hafi orðið margt visari við gerð þáttanna og í samtölum sínum við fræðafólkið hafi hún kynnst ýmsu sem hún hafði ekki hugmynd um áður.

„Þegar ég fór í efnafraeði í Menntaskólanum í Kópavogi var ég spurð hvort ég ætlaði að fara að blanda málningu í málningarbúð, eins og það væri það eina sem ég gæti nýtt mér úr námi mínu.“

Hún bendir síðan á að þetta viðhorf hafi gert það að verkum að hún hugsaði ekkert meira um að sérhæfa sig í efnafraeði en þáttunum er ekki síst ætlað að ná til yngra fólks og veita þeim sem eru að velja sér nám einhverja innsýn í hversu margt spennandi biður handan við hornið.

Þóra Katrín bendir jafnframt á að fólki hætti til að fella sleggjúðoma yfir vísindunum sem byggji oft á ákveðnu þekkingarleysi og myndi



Þóra Katrín ætlar að efla vísindalega fjölbreytni á skjánum og skyggast bak við rannsóknartjöldin hjá Háskóla Íslands. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**



Mér finnst vanta í umræðuna að fólk viti hversu mikil vinna fer í hverja rannsókn.

sér hvaða skoðun sem er án þess að hafa nokkurn bakgrunn í fræðunum.

„Mér finnst vanta í umræðuna að fólk viti hversu mikil vinna fer í hverja rannsókn,“ segir Þóra og nefnir umræðuna um bóluþefnin við kórónaveirunni sem dæmi. „Í rauninni bara að sýna fólki að þessar

rannsóknir eru ekki teknar upp af götunni og því stærri sem þær eru, því fleiri leggja hjarta sitt í þetta.

Við ræðum, í fyrsta þættinum, við Heiðu Mariu Sigurðardóttur, doktor í taugavísindum, en hún hefur verið að rannsaka hvernig heilinn vinnur úr sjónrænum upplýsingum eins og til dæmis hjá einstaklingum með lesblindu.“

Einnig verður rætt við doktor Guðrúnu Marteinsdóttur. „Hún hefur þróað og framleitt snrytivörur úr fiski. Það er svo flott hvað hægt er að gera úr hráefni sem við eigum í nærumhverfi okkar,“ segir Þóra Katrín um þessa frumlegu nýtingu á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og gott dæmi um samruna vísinda og daglegs lífs. ■

Íslenskar myndir skila sér í streymið

ninarichter@frettabladid.is

Kvikmyndamiðstöð er um þessar mundir að efla kynningarstarf á kvikmyndum og bransanum erlendis og innanlands, samhliða því að bjóða upp á veitu fyrir íslenskar kvikmyndir til að mæta þörf sem hefur verið viðvarandi um nokkurra ára skeið, en erfiðlega hefur gengið að nálgast íslenskar bíómyndir á streymisveitum síðustu ár, með breyttri tækni og notendahegðun.

„Þetta er búið að vera vandræðaástand í nokkur ár, eftir að DVD-ið hvarf,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar.

„Við erum að setja upp veitu, en við erum ekki að búa til streymisveitu heldur erum við að leigja kerfi. Ekki fyrir fimm hundruð milljónir



Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar.

eins og var svolítið í umræðunni,“ segir hún.

„Þá verður þetta þannig að rétt-hafinn fær stærsta hluta greiðslunnar sem greidd er fyrir hvert áhorf.“

Laufey segir að veitan verði komin í gagnnið mjög fljótlega. „Við ætlum að reyna að byrja á þessu mjög fljótlega, þetta er spurning um vikur en ekki mánuði,“ segir hún.

„Við ætlum að byrja með tuttugu myndir, og þá erum við að hugsa um erlenda markaðinn, maður þarf svolítið að prófa þetta. Það eru margir mismunandi samningar sem gilda um hvert og eitt verk, og í mismunandi löndum,“ útskýrir Laufey.

„Við erum byrjuð að setja inn á kvikmyndavefinn.is horfa-takka, þar sem er hægt að smella og horfa og finna út úr því hvar er hægt að sjá myndina. En þetta er allt í vinnslu.“ ■

Sjáumst á fjöllum



BYRJENDA-
NÁMSKEIÐ
21. OG 22.
FEBRÚAR

FJALLASKÍÐAPRÓGRAMM FÍ

Leiðbeinendur Salome Hallfreðsdóttir og Tómas Guðbjartsson

Byrjandanámskeið hefjast á mánudag og þiðjudag

.....

26. mars Snæfellsjökull frá Dagverðará

20. - 24. apríl Austfjarðaveisla

6. - 8. maí Sveinstindur - Sveinsgnípa

19. - 22. maí Vestfirsku alparnir



Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
 Guðmundsdóttur



Gott fólk sem gerir ekkert

Skáldsagan Útlendingurinn segir frá Mersault, manni á óræðum aldri með óljósar skoðanir og óljóst erindi í lífinu. Hann tekur enga afstöðu til neins heldur flýtur með í atburðunum í kringum hann, áhorfandi í eigin lífi, fórnarlamb aðstæðna.

Það er stundum sagt að hræðilegir hlutir gerist þegar gott fólk standi hjá, horfi á, aðgerðalaust. Við viljum ekki blanda okkur í deilur annarra, við viljum ekki taka afstöðu. Mersault grípur ekki inn í þegar vinur hans áformar barsmíðarnar sem hann síðan beitir kærustu sína. Hann grípur ekki inn í þegar hann heyrir vininn berja kærustuna hinum megin við vegginn.

Við ættum kannski að staldra við og velta því fyrir okkur hvort aðgerða- og afstöðuleysi sé ofbeldi í sjálfu sér. Gerir aðgerðaleysið Mersault að sama ofbeldismanninum og vinurinn er? Getum við búið í samfélagi sem saklausir áhorfendur? Erum við einhvern tímann, sem áhorfendur, saklaus?

Hitler komst upp með skipulagðar aftökur gyðinga vegna þess að gott fólk stóð hjá og gerði ekkert. Börn og fullorðnir sem leggja aðra í einelti komast upp með ofbeldið vegna þess að gott fólk stendur hjá og gerir ekkert. Ofbeldismenn fara úr einu ofbeldissambandi í annað vegna þess að gott fólk grípur ekki inn í. Ofbeldismenn reyna að þagga niður í þeim sem afhjúpa þá vegna þess að gott fólk gerir ekkert til að koma í veg fyrir það. Hversu mörg okkar bregðast við, blanda sér í „deilurnar“? Hversu mörg okkar taka afstöðu? Eða viljum við ekki taka afstöðu – vegna þess að við viljum ekki setja skotskífuna á eigið bak?

Þessi pistill er fyrir Bryndísi Ásmundsdóttur – og öll þau sem reynt er að þagga niður í þessa dagana. ■

HRAUNHAMAR
 FASTEIGNASALA
 BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI
 SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

NÝBYGGINGAR Í HAFNARFIRÐI
 FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU Í SKARÐSHLÍÐ OG HAMRANESI

Serta
 LIMITED SERIES

Serta Betra BAK Hilton REYKJAVÍK NORDICA
 FEBRÚAR – MÁNUÐUR ELSKENDA

15%
 AFSLÁTTUR

FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er nú á kynningarverði í Betra Baki auk þess sem nótt á Hilton Reykjavík Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa fylgir kaupum á Sertarúmi í febrúar – mánuði elskenda.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta sem er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Hægt er að velja um tvo stífleika allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistífl heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu á dýnunni.



Classico 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)
 Fullt verð: 349.900 kr.

Tilboð: 297.415 kr

MAGNIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



Ocean Splendid stillanlegt 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og Ocean gafl)
 Fullt verð: 649.900 kr.

Fullt verð: 552.415 kr

CLASSICO



YORK



LIGNE



MAGNIQUE



Í FEBRÚAR – MÁNUÐI ELSKENDA – fylgir nótt fyrir tvo á Hilton, ásamt morgunverði og aðgangi að Spa, kaupum á rúmi frá Serta.

Verðmæti: 38.900 kr.



Hilton
 REYKJAVÍK NORDICA

FAXAFENI 5
 Reykjavík
 588 8477

DALSBRAUT 1
 Akureyri
 588 1100

SKEIDI 1
 Ísafirði
 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
 Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
 www.betrabak.is

Betra
 BAK